

Reykjavík, 7. júlí 2022

Álit nr. 2/2022

Eintak án trúnaðar

## Starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

### Efnisyfirlit

1.	Samantekt og tilmæli .....	2
1.1.	Kvartanir og ábendingar sem álitid vísar til.....	3
1.2.	Upphaflegt erindi.....	4
1.3.	Umsagnir, gagnaöflun og samskipti á árinu 2014 og 2015 .....	6
1.4.	Bréf Samkeppniseftirlitsins til Hörpu frá 14. nóvember 2017 – tilmæli um breytingar á viðskiptaskilmálum Hörpu.....	6
1.5.	Bréf Hörpu frá 19. desember 2017 – Viðbrögð við tilmælum Samkeppniseftirlitsins ....	7
1.6.	Frekari athugun Samkeppniseftirlitsins á viðskiptaskilmálum Hörpu árið 2019 .....	8
1.7.	Nýleg samskipti við Hörpu í aðdraganda álits.....	9
2.	Ákvæði samkeppnislaga.....	9
3.	Mögulegir markaðir og staða Hörpu .....	10
3.1.	Sjónarmið aðila máls .....	10
3.2.	Mat Samkeppniseftirlitsins á mögulegum markaði málsins .....	11
3.2.1.	Markaðir fyrir rekstur tónleikahúsa og tónleikastaða .....	11
3.2.2.	Mögulegir markaðir fyrir leigu og sölu á tækjum .....	13
3.2.3.	Nánar um starfsemi Hörpu og mögulega markaðsráðandi stöðu tónlistarhússins .....	14
4.	Umgjörð og starfshættir sem teknir hafa verið til skoðunar.....	15
4.1.	Útboð og samningar Hörpu og Exton um kaup, eftirlit og viðhald á hljóðkerfum .....	15
4.2.	Um önnur innkaup Hörpu á hljóðkerfum og ljósakerfum.....	18
4.3.	Um leigu Hörpu á hljóðkerfum og ljósakerfum.....	20
4.4.	Takmarkanir á því að leyfa notkun leigutaka á hljóðkerfum frá öðrum aðilum en Hörpu .....	22
4.4.1.	Fram komin sjónarmið um notkun annarra hljóðkerfa í húsinu .....	22
4.4.2.	Síðari breytingar á skilmálum Hörpu, athugasemdir og tilmæli Samkeppniseftirlitsins.....	23
4.4.3.	Um möguleika á utanaðkomandi hljóðkerfi í Eldborgarsal Hörpu .....	25
4.4.4.	Um að utanaðkomandi hljóðkerfi verði að leigja í gegnum Hörpu - virðisaukaskattskvöð .....	27
4.4.5.	Um yfirsetu tæknimanna Hörpu .....	31
5.	Niðurstöður .....	33



## 1. Samantekt og tilmæli

1. Samkeppniseftirlitið hefur á undanförunum árum leitað upplýsinga og sjónarmiða vegna starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. (hér eftir Harpa), í tilefni af kvörtunum og ábendingum sem eftirlitinu hafa borist. Hefur m.a. komið til skoðunar hvort Harpa hafi farið gegn bannákvæðum samkeppnislaga (bann 10. gr. við ólögsmætu samráði og 11. gr. við misnotkun á markaðsráðandi stöðu). Þá er Harpa opinbert hlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar (46%) og íslenska ríkisins (54%). Koma því til álita ákvæði samkeppnislaga sem varða opinberar samkeppnishindranir. Fyrir liggur að Harpa hefur, sakir hönnunar, búnaðar, staðsetningar og athygli, sérstöðu sem tónleikastaður og vettvangur ýmis konar viðburða.
2. Sérstaða Hörpu, sterk staða fyrirtækisins í tónleika- og viðburðahaldi og aðkoma hins opinbera að rekstri og stjórnun félagsins, kallar á að vandað sé til verka á öllum sviðum. Þannig þarf að búa svo um hnútana að starfsemi og rekstur Hörpu keppi á jafnræðisgrundvelli við aðila í einkarekstri sem bjóða upp á aðstöðu fyrir viðburði í samkeppni við Hörpu. Sömuleiðis er brýnt að aðilar sem bjóða Hörpu vörur og þjónustu sitji við sama borð í samkeppni um viðskiptin, s.s. á grundvelli útboða. Þá er mikilvægt að umgjörð og skipulag tónleika- og viðburðahalds takmarki ekki nýtingarmöguleika Hörpu til skaða fyrir samkeppni, s.s. að því er varðar nýtingu búnaðar við tónleikahald, nema málefnaleg rök liggi þar til grundvallar.
3. Í áliti þessu eru reifaðar ályktanir sem draga má af athugunum Samkeppniseftirlitsins á starfsemi Hörpu á liðnum árum. Varða þær einkum athuganir á erindum vegna samninga Hörpu um búnað til tónlistarflutnings og háttsemi því tengdu. Eru erindi þessi og athuganir á grundvelli þeirra raktar hér á eftir. Einnig er álitid byggt, eftir því sem við á, á fyrri athugunum og tilmælum er varða opinberar samkeppnishindranir. Álitid miðar að því að skapa samkeppnisvæna umgjörð um starfsemi Hörpu.
4. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga er það hlutverk Samkeppniseftirlitsins að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra aðila á markaði. Samkvæmt 18. gr. samkeppnislaga skal eftirlitið vekja athygli ráðherra á því í áliti ef það telur að ákvæði laga eða stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði samkeppnislaga eða torveldi frjálsa samkeppni.
5. Með vísan til fyrrgreindra ákvæða samkeppnislaga er áliti þessu beint til Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. Jafnframt er álitid kynnt þeim opinberu aðilum sem fara með eignarhald í hinu opinbera hlutafélagi, þ.e. Reykjavíkurborg, fjármála- og efnahagsráðherra og menningar- og viðskiptaráðherra.
6. Með hliðsjón af framangreindu beinir Samkeppniseftirlitið eftirfarandi tilmælum til Hörpu:
  - a) Að Harpa yfirfari verklag við undirbúning samninga, samningagerð um kaup á búnaði og þjónustu og birti á heimasíðu sinni verklagsreglur um hvernig fyrirtækið beiti útboðum og verðkönnunum í starfsemi sinni. Við stærri innkaup og samningagerð verði samkeppnisleg áhrif metin með hliðsjón af leiðbeiningum Samkeppniseftirlitsins um samkeppnismat stjórnvalda, sbr. álit eftirlitsins nr. 2/2009. Tryggt verði með þessu að Harpa geri ekki samninga við viðskiptavinum sem fela í sér ómálefnalega útilokun eða takmörkun á viðskiptum við aðra aðila.

Skýring: Athuganir á kvörtunum og ábendingum gefa til kynna að Harpa hafi átt meiri hluta viðskipta vegna kaupa á hljóðkerfum og ljósakerfum við eitt fyrirtæki. Meginskýring þess er að viðkomandi fyrirtæki varð hlutskarpast í útboði á árinu 2009. Harpa hefur hins vegar



ekki sýnt fram á með fullnægjandi hætti að það hafi í starfsemi sinni greitt fyrir viðskiptum við önnur fyrirtæki sem starfa á markaðnum og með því skapað samkeppnislegt aðhald sér til hagsbóta og til hagsbóta fyrir mögulega viðsemjendur. Sjá nánar kafla 4.1., 4.2., og 4.3. hér á eftir.

- b) Að Harpa endurskoði verklag og reglur sem heimila viðskiptavinum að leigja og nýta tækjabúnað frá öðrum aðilum en Hörpu. Miði endurskoðunin að því að draga úr mögulegum hindrunum á þessu sviði. Meðal annars er mælst til þess að fallið verði frá því að gera það að skilyrði að Harpa leigi búnaðinn og endurleigi síðan til viðskiptavina. Einnig verði tryggt að gjaldtaka Hörpu í tengslum við uppsetningu utanaðkomandi búnaðar verði ekki hærrí en sannanlega nemur þeim kostnaði sem af verkinu hlýst fyrir Hörpu. Þá verði verklag endurskoðað með það að markmiði að draga úr kostnaði.

Skýring: Kvartað hefur verið yfir því að Harpa hafi unnið gegn því að flytjendur tónlistar og tónleikahaldarar geti komið með eigin og/eða utanaðkomandi hljóðkerfi eða búnað til nota í tónleikahúsinu. Harpa brást að hluta til við þessum kvörtunum með því að rýmka heimildir til þessa. Áfram hefur þó verið kvartað yfir miklum kostnaði og öðrum mögulegum hindrunum. Til dæmis er áskilið að búnaður sé leigður í gegnum Hörpu og endurleigður til viðkomandi viðskiptavina. Hefur Harpa haldið því fram að þetta sé nauðsynlegt vegna virðisaukakvaðar sem hvíli á félaginu. Einnig er áskilnaður um að viðskiptavinir kosti vinnu tæknimanna Hörpu, sem að mati kvartenda geti leitt til tvöfalds kostnaðar. Tilmælunum er ætlað að vinna gegn þessu. Sjá nánar kafla 4.4. hér á eftir.

7. Að virtum þeim gögnum og sjónarmiðum sem aflað hefur verið hefur Samkeppniseftirlitið hingað til ekki talið forsendur til þess að að grípa til íhlutunar gagnvart Hörpu á grundvelli bannákvæða samkeppnislaga, eða íhlutunar á grundvelli b-liðar 1. mgr. 16. gr. sömu laga, sem heimilar íhlutun gagnvart opinberum aðilum að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Við mat á þessu hefur eftirlitið horft til fyrrgreindra efnisreglna, sem og ákvæða samkeppnislaga og málsmeðferðareglna eftirlitsins sem ætla eftirlitinu mat á tilefni til rannsókna og forgangsröðun verkefna.
8. Vegna sterkrar stöðu Hörpu og sérstöðu í viðburðahaldi á Íslandi er fyrirtækinu hins vegar rétt að meta stöðu sína reglulega og taka afstöðu til þess hvort það sé á hverjum tíma að starfa innan þeirra marka sem samkeppnislög setja markaðsráðandi fyrirtækjum og fyrirtækjum í opinberum rekstri. Álitið sem hér er sett fram stuðlar að hinu sama.
9. Berist nýjar upplýsingar eða kvartanir til Samkeppniseftirlitsins kann starfsemi Hörpu að koma til frekari skoðunar.

### **1.1. Kvartanir og ábendingar sem álitnið vísar til**

10. Málefni Hörpu hafa einkum komið til athugunar Samkeppniseftirlitsins á grundvelli kvartana frá ID Electronic ehf. (hér eftir ID Electronic). Upphaflegt erindi ID Electronic barst árið 2013 og byggðist á því að Harpa hefði synjað því að eiga viðskipti við ID Electronic um kaup og leigu á hljóð- og ljósabúnaði. Öllum slíkum viðskiptum Hörpu hefði verið beint til Exton ehf. (hér eftir Exton). Þá snerist kvörtunin einnig að því að leigutökum væri einungis heimilt að leigja og nota tækjabúnað frá Hörpu í tónlistarhúsinu. Leigutökum væri ekki heimilt að leigja hljóð- og ljósabúnað frá þriðja aðila.
11. Í desember 2015 var skilmálum Hörpu breytt þannig að leigutökum að sölum í Hörpu var heimilað að koma með sitt eigið ljósa- og hljóðkerfi, að því gefnu að búnaður leigutaka uppfyllti



kröfur Hörpu um öryggi og tæknilega staðla. ID Electronic hefur haldið því fram að þessar skilmálabreytingar Hörpu hafi engin áhrif haft á möguleika annarra aðila til að koma með hljóðkerfi inn í húsið þar sem kostnaður væri svo mikill, m.a. vegna þess að Harpa þurfi að vera milligönguaðili um leigu á tækjum.

12. Með hliðsjón af framangreindu hefur annars vegar komið til skoðunar hvernig Harpa hefur hagað útboði á hljóð- og ljósakerfi í Hörpu frá árinu 2008 og viðskiptum í framhaldi af því við fyrirtækið Exton. Hins vegar hafa komið til skoðunar hömlur sem Harpa hefur sett á tónleikahaldara og tónlistarmenn þegar þeir hafa í hyggju að stilla upp öðru hljóðkerfi í sölum tónlistarhússins en því sem fyrir er og Harpa hefur sjálf valið. Í álitinu þessu eru einnig dregnar ályktanir af fyrri álitum til stjórnvalda um svipað efni.<sup>1</sup>
13. Í fyrrgreindum kvörtunum var m.a. byggt á því að Harpa hefði brotið gegn bannreglum 10. og 11. gr. samkeppnislaga. Hefur Harpa mótmælt því að fyrirtækið sé markaðsráðandi og að háttsemi þess geti mögulega falið í sér brot á 10. og 11. gr. samkeppnislaga eða að málið geti komið til skoðunar með hliðsjón af ákvæðum samkeppnislaga sem taki til opinberra aðila.
14. Samskipti Samkeppniseftirlitsins við Hörpu og aðila framangreindra kvartana spanna tímabilið frá árinu 2013 og hafa verið höfð til hliðsjónar umrædd ákvæði 10. og 11. gr. samkeppnislaga og hlutverk og heimildir eftirlitsins gagnvart opinberum aðilum, sbr. ákvæði í c-lið 1. mgr. 8. gr. og b-lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga.
15. Rétt þykir að rekja þessa meðferð stuttlega.

## 1.2. Upphaflegt erindi

16. Samkeppniseftirlitinu barst erindi, dags. 14. maí 2013, frá fyrirtækinu ID Electronic þar sem kvartað var yfir samningum og viðskiptum Hörpu við fyrirtækið Exton og að einungis væri heimilt að nota tækjabúnað frá Hörpu við flutning viðburða í tónlistarhúsinu. Exton væri keppinautur ID Electronic í sölu og leigu á hljóð- og ljósabúnaði. Taldi ID Electronic að framangreint fæli í sér brot á samkeppnislögum. Með þessu væri tónlistarmönnum bannað að leigja hljóðbúnað frá öðrum aðilum en Hörpu til notkunar við tónlistarflutning í húsinu sem takmarkaði val þeirra á betri, hentugri og/eða ódýrari búnaði til leigu. Þá fór ID Electronic þess á leit í erindi sínu að Samkeppniseftirlitið rannsakaði viðskipti Hörpu og meint óeðlileg tengsl félagsins við Exton. Að mati ID Electronic væri Harpa markaðsráðandi með um 70-80% hlutdeild í tónleikahaldi á stöðum þar sem unnt væri að taka við fleiri en 200 gestum. Þá ræki Harpa stærstu tækjaleigu landsins fyrir hljóð-, ljósa-, sviðs- og myndbúnað.
17. Samkeppniseftirlitið sendi erindi ID Electronic til Hörpu með bréfi, dags. 20. júní 2013, þar sem óskað var upplýsinga og skýringa vegna erindisins. Meðal annars var óskað upplýsinga um hvort Harpa hefði sett reglur varðandi notkun hljóðkerfa í tónlistarhúsinu og hvort reglur félagsins kvæðu á um að óheimilt væri að nota hljóðkerfi frá þriðja aðila í tónlistarhúsinu. Væru slíkar reglur í gildi óskaði eftirlitið eftir rökstuðningi fyrir því hvernig þær samræmdust ákvæðum samkeppnislaga. Þá óskaði eftirlitið eftir afriti af samningi IAV hf., byggingarverktaka Hörpu, og

<sup>1</sup> Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað bent á að stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, geti með aðgerðum sínum eða aðgerðaleyfi haft mikil áhrif á samkeppni og samkeppnisskilyrði í landinu. Séu stjórnvöld þátttakendur á samkeppnismörkuðum sé sérstaklega mikilvægt að þau gæti þess í hvívetna að raska ekki samkeppni. Þessi afstaða er einnig í samræmi við þá afstöðu sem birtist í álitinu umboðsmanns Alþingis frá 28. desember 2006 í máli nr. 4478/2005, en þar segir að þegar opinberir aðilar ráðstafa takmörkuðum gæðum beri þeim að horfa til þeirra sjónarmiða sem fram komi í samkeppnislögum og gæta þess að þeir sem taki við slíkum gæðum sé ekki veitt óréttmætt samkeppnisforskot. Sjá nánar um samkeppni og hið opinber á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins: <https://www.samkeppni.is/malefni/samkeppni-og-hid-opinbera/>



Exton um hljóðkerfi og sviðslýsingu og upplýsingum um tilvik þar sem Harpa hefði leigt hljóðkerfi til notkunar í tónlistarhúsinu frá þriðja aðila.

18. Í svari Hörpu, dags. 30. júlí 2013, var m.a. gerð grein fyrir útboði og samningi sem ÍAV hf., byggingaraðili Hörpu, hefði gert um ljósa- og hljóðkerfi í Hörpu á árinu 2008. Tilboð frá Exton hefði reynst hagstæðast og gerður hefði verið samningur við fyrirtækið þann 5. september 2008 um bæði hljóðkerfi og ljósabúnað. Harpa, eða fyrirrennarar þess félags, hefðu ekki verið aðilar að umræddum samningi.
19. Í umsögninni kom fram að hljóðkerfið hefði verið dýrt og innbyggt í húsið og út frá rekstrarlegum sjónarmiðum hefði verið ákveðið að nýta það eins mikið og mögulegt væri, þ.e. fullnýta þá tekjumöguleika sem fjárfestingin býði upp á. Viðskiptaskilmálar kvæðu því á um að hljóðkerfi Hörpu væri í öllum tilvikum leigt út með sölunum og ef þörf væri á viðbótum skyldu þær leigðar í gegnum Hörpu.
20. Var það mat Hörpu að eðlilegt væri að þær reglur giltu að hljóðkerfi hússins skyldi notað á grundvelli hagkvæmnis- og gæðasjónarmiða. Með gæðasjónarmiðum væri átt við að miklir hagsmunir fælust í því fyrir Hörpu að vera þekkt fyrir góðan hljómburð og hefði félagið m.a. fengið verðlaun fyrir slíkt. Tíðar breytingar á hljóðkerfi hússins sköpuðu hættu á að eitthvað færi úrskaiðis. Mikilvægt væri fyrir orðspor Hörpu að hljóðkerfið væri ávallt í lagi og því væri nauðsynlegt að öll leiga á þeim umframbúnaði sem þörf væri á færi í gegnum félagið.
21. Þá væri tæknilega flókið og tímafrekt að setja upp utanaðkomandi hljóðkerfi í sölum Hörpu og væntanlega fáir viðskiptavinir tilbúnir til að greiða kostnað vegna þess. Væri öllum leigutökum heimilað að koma með eigið hljóðkerfi myndi tími við uppsetningu og frágang fyrir hverja tónleika lengjast og því ekki hægt að skipuleggja viðburði eins þétt og gert væri og nýting hússins versna.
22. Af hálfu Hörpu var því mótmælt að félagið væri í markaðsráðandi stöðu með um 70-80% hlutdeild á tónleikamarkaði. Því var einnig mótmælt að Harpa ræki stærstu tækjaleigu landsins fyrir hljóð-, ljósa-, svið-, og myndbúnað. Allir salir hússins hefðu verið hugsaðir sem viðbót við framboð á markaðnum en ekki sem samkeppni við þá tónleikasali sem fyrir væru. Ljóst væri að Harpa nyti mikillar sérstöðu á markaðnum en í því fælist ekki að félagið væri markaðsráðandi.
23. Fram kom að hljóðkerfi væri hluti af grunnhönnun og grunnbúnaði í tónlistarhúsi. Byggingaraðili Hörpu hefði boðið hljóðkerfið út á byggingarstigi og allir sem haft hefðu áhuga á að selja kerfi hefðu getað sent inn tilboð. Hagstæðasta tilboðinu hefði verið tekið.
24. Af hálfu Hörpu var vísað til þess að útboð efldu samkeppni. Ekki gæti verið um brot á samkeppnislögum að ræða þegar samið væri, að loknu útboði, við þann aðila sem átt hefði hagstæðasta tilboðið og í kjölfarið hefði jafnframt verið samið um að sá aðili sæi um viðhald og þjónustu vegna kerfis sem hann hefði sett upp og hefði sérþekkingu á. Sú staða að Exton hefði sett upp hljóðkerfi og þjónustaði það ætti sér eðlilegan aðdraganda þar sem gætt hefði verið að því að samkeppni væri ekki raskað.
25. Kvartandi andmælti sjónarmiðum Hörpu með bréfi, dags. 23. september 2013, og vísaði til málsástæðna sem áður höfðu komið fram. Í framhaldinu kynnti Samkeppniseftirlitið þann 29 nóvember 2013 frekari athugun á því hvort Harpa og Exton hefðu brotið 10. gr. eða 11. gr. samkeppnislaga. Þá var óskað ýmissa upplýsinga frá Hörpu, m.a. um sundurliðun á tekjum og kostnaði fyrir undangengin ár og viðskiptaskilmála vegna útleigu á sölum í Hörpu.



### 1.3. Umsagnir, gagnaöflun og samskipti á árinu 2014 og 2015

26. Samkeppniseftirlitinu barst umsögn Exton, dags. 17. janúar 2014. Í umsögninni var sögu og starfsemi Exton lýst ásamt aðkomu Exton að byggingu og rekstri Hörpu. Var því alfarið hafnað af hálfu Exton að viðskiptasamband fyrirtækisins við Hörpu væri óeðlilegt og að það fæli í sér brot á 10. gr. samkeppnislaga. Fullyrðingum ID Electronic um hljóðkerfi Hörpu væri alfarið hafnað – enginn fótur væri fyrir kvörtun ID Electronic. Þeir sem nýttu sér aðstöðu í Hörpu gætu ekki leigt búnað eða keypt þjónustu beint af Exton, heldur væru þeir háðir Hörpu um tækjabúnað og tækniþjónustu. Harpa hefði hins vegar séð sér hag í því að beina viðskiptum sínum til leigudeildar Exton í talsverðum mæli og nyti Harpa bestu kjara hjá leigudeild Exton.
27. Samkeppniseftirlitinu barst umsögn Hörpu með bréfi, dags. 17. janúar 2014. Í umsögninni voru ítrekuð sjónarmið um að Harpa væri ekki markaðsráðandi og að mikilvægt væri að hljóðkerfi Hörpu væru notuð við tónleikahald í húsinu.
28. ID Electronic brugðust við sjónarmiðum Hörpu og Exton með bréfi, dags. 15. maí 2014, þar sem fyrri sjónarmið voru að mestu ítrekuð.
29. Þann 29. september 2014 boðaði Samkeppniseftirlitið forsvarsmenn Hörpu á fund. Á fundinum var m.a. rætt um það viðskiptamódel Hörpu að bjóða út hljóðkerfi hússins og leigja salí þess með hljóðkerfinu. Setti Samkeppniseftirlitið fram sjónarmið og leiðbeiningar um mögulegar breytingar á starfsháttum Hörpu, m.a. að því er varðar mögulegar breytingar á umræddu viðskiptamódeli og heimild leigjenda að sölum Hörpu til að nota annað hljóðkerfi í húsinu en það sem fyrir væri. Í kjölfar fundarins barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá Hörpu, dags. 16. október 2014, þar sem fyrri sjónarmið voru ítrekuð.
30. Framangreindri umfjöllun var fylgt eftir á árinu 2015 og þann 22. október var haldinn fundur Samkeppniseftirlitsins og forsvarsmanna Hörpu, auk þess sem eftirlitið skoðaði aðstæður í Hörpu þann 5. nóvember 2015.
31. Í desember 2015 var skilmálum Hörpu breytt þannig að leigutökum að sölum í Hörpu var heimilað að koma með sín eigin ljósa- og hljóðkerfi að því gefnu að búnaður leigutaka uppfyllti kröfur Hörpu um öryggi og tæknilega staðla.

### 1.4. Bréf Samkeppniseftirlitsins til Hörpu frá 14. nóvember 2017 – tilmæli um breytingar á viðskiptaskilmálum Hörpu

32. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins til Hörpu, dags. 14. nóvember 2017, voru fyrri samskipti rifjuð upp og vísað til heimilda til mögulegrar íhlutunar á grundvelli samkeppnislaga. Sérstaklega var vísað til þess að við meðferð málsins hefði Harpa lýst sig reiðubúna til viðræðna um breytingar á fyrirkomulagi við tónleikahald þannig að tónleikahöldurum yrði leyft að koma með annan búnað og kerfi inn í sali Hörpu, gegn því að greiða allan kostnað við að taka það kerfi niður og setja upp nýtt kerfi. Skilyrði fyrir því væri að starfsmenn Hörpu myndu annast þessa vinnu og að vegna virðisaukaskattskaðar frá byggingartíma hússins yrði leiga búnaðar að fara í gegnum Hörpu. Þá var í bréfinu vikið að breyttum skilmálum Hörpu fyrir leigu á aðstöðu, búnaði og þjónustu að þessu leyti.
33. Einnig var í bréfinu vísað til þess að kvartandi í málinu hefði ítrekað erindi sitt og að hans mati væri sama staða uppi ennþá gagnvart kvörtunarefninu, þ.e. að engin samkeppni væri til staðar við útleigu á hljóðbúnaði o.p.h. Því virtist sem framkomnar breytingar hefðu ekki leyst málið eins og vonir höfðu staðið til af hálfu Samkeppniseftirlitsins.



34. Tekið var fram í bréfinu að Samkeppniseftirlitið teldi það málefnalega kröfu af hálfu Hörpu að leigutaki sem óskaði þess að nota utanaðkomandi hljóðkerfi í sölum Hörpu skyldi standa straum af þeim viðbótarkostnaði sem hlytist af uppsetningu þess. Mikilvægt væri þó að um væri að ræða raunverulegan kostnað vegna uppsetningar hljóðkerfisins. Ekki væri ljóst hvort sú sundurliðun kostnaðar sem Harpa hefði lagt fram fæli í sér raunkostnað við uppsetningu utanaðkomandi hljóðkerfa í Eldborg. Þá hefðu komið fram ólík sjónarmið um það hvort þörf væri á að taka niður hljóðkerfi í Eldborg til að unnt væri að setja upp önnur kerfi. Mikilvægt væri að Harpa gerði ekki kröfu um að hljóðkerfi hennar væru tekin niður vegna uppsetningar utanaðkomandi kerfa ef þess væri ekki þörf.
35. Þá kom fram í bréfinu að Samkeppniseftirlitið teldi það málefnalega kröfu af hálfu Hörpu að hafa umsjón með uppsetningu og niðurtöku utanaðkomandi hljóðkerfa í húsinu í því skyni að gæta að öryggis- og gæðasjónarmiðum. Hins vegar var gerður fyrirvari af hálfu Samkeppniseftirlitsins um fjölda starfsmanna sem Harpa gerði kröfu um að hefðu aðkomu að þeim verkefnum.
36. Við mat á því hvort þær breytingar sem Harpa hefði gert á leiguskiðmálum væru til þess fallnar að draga úr aðgangshindrunum á markaði fyrir útleigu á hljóðkerfum beindi Samkeppniseftirlitið tilgreindum spurningum til félagsins, m.a. um nauðsyn þess að taka niður hljóðkerfi í Eldborgarsal Hörpu ef annað væri sett upp og um reglur um yfirsetu tæknimanna.
37. Með vísan til þessa var því beint til Hörpu að endurskoða viðskiptaskilmála þannig að sanngjörnum og málefnalegum kröfum um gæði og öryggi yrði mætt án þess að samkeppni væri raskað. Möguleg endurskoðun á samningsskiðmálum að frumkvæði Hörpu sem væri til þess fallin að draga úr eða eyða samkeppnishömlum myndi hafa þýðingu við mat Samkeppniseftirlitsins á frekari aðgerðum.

## **1.5. Bréf Hörpu frá 19. desember 2017 – Viðbrögð við tilmælum Samkeppniseftirlitsins**

38. Samkeppniseftirlitinu barst svar Hörpu með bréfi, dags. 19. desember 2017. Í bréfinu eru sett fram svör við framangreindum spurningum eftirlitsins. Nánar verður greint frá svörum í niðurstöðukafla hér á eftir.
39. Í bréfinu er vísað til breytinganna sem Harpa hefði gert á skilmálum fyrir árið 2016 þannig að leigutökum á sölum í Hörpu var heimilað að koma með sín eigin ljósa- og hljóðkerfi, að því gefnu að búnaður leigutaka uppfyllti kröfur Hörpu um öryggi og tæknilega staðla. Í skilmálunum kom jafnframt fram að allur kostnaður, vinna og gjöld vegna niðurtöku, uppsetningar og endurstillingar á ljósa- og hljóðbúnaði Hörpu greiddist af leigutaka auk alls kostnaðar, vinnu og gjalda vegna uppsetningar og niðurtöku á hljóð- og ljósabúnaði á vegum leigutaka.
40. Í niðurlagi bréfsins segir m.a. að hljóð- og samskiptakerfi Hörpu hafi verið boðin út af byggingaraðila árið 2008. Engar athugasemdir hafi komið fram við framkvæmd útboðsins eða niðurstöðu þess. Útboðið hafi verið nauðsynlegt þar sem hljóðkerfið hefði þurft að einhverju leyti að setja upp þannig að þess nyti við um lengri tíma enda væri kerfið að hluta til innbyggt í samræmi við hönnun hússins. Harpa hafi ávallt haldið útboð, gert verðkannanir eða fyrirsurningir um öll verk, rekstur og annað sem fram færi innan hússins eða keypt væri inn af Hörpu enda væri sú leið best fallin til þess að veita öllum jöfn tækifæri til að eiga í viðskiptum við Hörpu hverju sinni.
41. Þá segir að mikið hafi verið fjárfest í hljóð- og ljósabúnaði til að tryggja fyrsta flokks gæði hljómburðar í húsinu og hafi viðskiptamódel Hörpu verið ákveðið strax í upphafi í ljósi þess.



Viðskiptamódelið gerði því ráð fyrir því að hljóð- og ljósakerfi væru leigð út með sölunum eins og alþekkt væri í tónleikahúsum víða um heim. Harpa reki tækjaleigu, en sé ekki bara skel eða tómir salir líkt og t.a.m. íþróttahús þar sem aðilar leigi og komi með sinn búnað og hreinsi hann svo út eftir á. Harpa ítreki að þessi leið sé farin í ljósi þeirra gæða sem Harpa vilji tryggja.

42. Þá voru ítrekuð fyrri sjónarmið um að Harpa væri ekki markaðsráðandi á markaði fyrir hljóðkerfi og gæti því ekki hafa misnotað þá stöðu í skilningi 11. gr. samkeppnislaga. Þá sagði að ekkert hefði komið fram um að sameiginlegur skilningur eða samningur í skilningi 10. gr. samkeppnislaga liggi fyrir á milli Hörpu og Exton þess efnis að Harpa leitaði eingöngu til Exton við leigu á búnaði. Þvert á móti lægju fyrir upplýsingar um að Harpa leigði búnað frá fleiri aðilum og væri ákvörðun um slíkt tekin sjálfstætt hverju sinni. Þá var því mótmælt í bréfinu að málið gæti verið tekið til skoðunar á grundvelli c-liðar 1. mgr. 8. gr. og b-liðar 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga án þess að ný gögn eða atvik hefðu komið fram.
43. Af hálfu Hörpu kom fram að félagið teldi sig vera búið að bregðast við ábendingum sem fram hefðu komið og gert breytingar á skilmálum sínum til að koma til móts við sjónarmið Samkeppniseftirlitsins. Einnig væri Harpa tilbúin að gera frekari breytingar í samræmi við ábendingar eftirlitsins.

#### **1.6. Frekari athugun Samkeppniseftirlitsins á viðskiptaskilmálum Hörpu árið 2019**

44. Á árinu 2019 bárust frekari ábendingar þess efnis að innkaup Hörpu á aðallega hljóð- og ljósakerfum til nota í tónlistarhúsinu röskuðu samkeppni og að möguleikar viðburðarhaldara til að koma með eigin hljóð- og ljósakerfi í sali Hörpu væru takmarkaðir. Gáfu þessar ábendingar vísbendingar um að tilmæli eftirlitsins frá árinu 2017 og breytingar Hörpu á skilmálum hefðu ekki skilað tilætluðum árangri. Ákvað Samkeppniseftirlitið því að taka málið til frekari athugunar og afla nýrra gagna. Þann 3. október 2019 sendi eftirlitið tölvupóst til Hörpu þar sem óskað var eftir frekari skýringum og upplýsingum.
45. Þannig var óskað upplýsinga um hvort Harpa og Exton ynnu ennþá samkvæmt þjónustusamningi frá 4. september 2012 sem gerður var með vísan til samningsins frá september 2008 á milli sömu aðila um innkaup á m.a. hljóð- og ljósakerfum. Hefðu orðið breytingar á samningnum eða gerður nýr samningur óskaðist upplýst um það og þá afrit af nýjum samningi látið fylgja.
46. Þá var óskað eftir nýjum tekju- og kostnaðarupplýsingum fyrir árin 2014, 2015, 2016, 2017, 2018 og fyrstu sex mánuði ársins 2019 en sambærilegar upplýsingar höfðu verið veittar á fyrri stigum málsins vegna árána 2011, 2012 og 2013.
47. Þá var óskað eftir afriti af nýjum skilmálum Hörpu fyrir leigu á aðstöðu, búnaði og þjónustu í Hörpu. Ennfremur var beðið um mat Hörpu á breytingunum og hvort þær hefðu leitt til þess að tónlistarmenn og tónleikahaldarar hafi nýtt sér heimild til þess að koma inn í tónlistarhúsið með eigin ljósa- og hljóðkerfi.
48. Einnig var óskað eftir upplýsingum um svokallaða virðisaukaskattskvöð sem hvíldi á Hörpu sem að mati Hörpu leiddi til þess að ef tónlistarmenn og/eða tónleikahaldarar kæmu með eigin búnað inn í tónlistarhúsið þyrfti leigan að fara fram í gegnum Hörpu. Beðið var um staðfestingu á því að svo væri og einnig nánari lýsingu á hvernig slík viðskipti færu fram, t.d. ef tónlistarmaður kæmi með eigið hátalarakerfi (staflað á svið) fyrir tónleika sína í Eldborgarsal Hörpu. Spurt var hversu mikið hann þyrfti að greiða til Hörpu samanborið við ef hljóðkerfi í eigu Hörpu (sem er innbyggt í salinn) væri leigt. Ef greinarmunur væri gerður á því hvernig viðskiptum væri hagað eftir því um hvaða sal væri að ræða í húsinu óskaðist það upplýst sérstaklega.





49. Þá var í bréfinu óskað upplýsinga um reglur um að kæmu viðburðarhaldarar með sína eigin tæknimenn þyrfti að greiða fyrir yfirsetu tæknimanns Hörpu. Þá var beðið um mat Hörpu á kostnaði tónlistarmanns/tónleikahaldara vegna þess þegar hann kæmi með eigin hljóðkerfi annars vegar og þegar hann nýtti það innbyggða hljóðkerfi sem þegar væri til staðar í Hörpu hins vegar.
50. Í bréfinu var Hörpu boðið að koma að frekari upplýsingum eða sjónarmiðum sem félagið teldi að hefði þýðingu fyrir málið sem ekki höfðu komið fram áður, s.s. um skilgreiningu þess markaðar sem Harpa starfaði á.
51. Þann 4. desember 2019 bárust Samkeppniseftirlitinu umbeðin gögn og skýringar með bréfi frá Hörpu. Verður nánar fjallað um þessi gögn og skýringar eftir því sem tilefni er til í kafla 4. hér á eftir.

### **1.7. Nýleg samskipti við Hörpu í aðdraganda álits**

52. Skömmu eftir samskipti og upplýsingaöflun gagnvart Hörpu seint á árinu 2019 skall á heimsfaraldur Covid-19 sem kallaði á breytta forgangsröðun verkefna hjá Samkeppniseftirlitinu. Var mál þetta lagt til hliðar, enda starfsemi Hörpu verið takmörkuð þau sl. tvö ár sem heimsfaraldurinn hefur varað.
53. Þann 13. apríl 2022 sendi Samkeppniseftirlitið tölvupóst til Hörpu þar sem vísað var til fyrri samskipta og m.a. þeirrar gagnaöflunar sem fram hefði farið á árinu 2019 o.fl.
54. Kom fram í póstinum að nú þegar Covid-19 væri að fjara út hefði Samkeppniseftirlitið verið að fara yfir fyrri gögn og samskipti og væri með til skoðunar að taka saman álit sem mögulega yrði beint að Hörpu á grundvelli c-liðar 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga, þar sem dregnar yrðu ályktanir af fyrri athugunum og sett fram tilmæli sem orðið gætu starfseminni til framdráttar. Sömuleiðis væri eftirlitið að taka afstöðu til sjónarmiða og krafna aðila að öðru leyti, s.s. um möguleg brot á samkeppnislögum.
55. Af þessu tilefni óskaði eftirlitið eftir upplýsingum frá Hörpu um hvort einhverjar þær forsendur eða mikilvæg atriði hefðu breyst á sl. rúmum tveimur árum frá því gagnaöflun stóð yfir og þá sérstaklega hvort breytingar hefðu orðið á samningum eða skilmálum Hörpu. Jafnframt var Hörpu gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum m.a. um mögulega birtingu álits.
56. Með tölvupósti Hörpu þann 25. apríl 2022 var upplýst að engar breytingar hefðu orðið á skilmálum Hörpu varðandi útleigu tækja frá því sem gerð hefði verið grein fyrir í svari til Samkeppniseftirlitsins á árinu 2019.
57. Harpa hefur í málinu gert athugasemdir við tafir í meðferð á því og óskað skýringa m.a. um afmörkun þess út frá ákvæðum samkeppnislaga. Komu þessar athugasemdir fram í umræddum tölvupósti frá 25. apríl og einnig í öðrum pósti frá 13. apríl 2022. Veitti Samkeppniseftirlitið skýringar og svör með tölvupóstum þann 13. apríl og 3. maí 2022.

## **2. Ákvæði samkeppnislaga**

58. Við athugun á starfsemi Hörpu og með hliðsjón af framkomnum kvörtunum kemur til álita hvort Harpa hafi farið að bannreglum samkeppnislaga, þ.e. banni 10. gr. við ólögsmætu samráði og banni 11. gr. við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga eru allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær séu bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni,



hún sé takmörkuð eða henni raskað bannaðar. Ákvæði 11. gr. samkeppnislaga bannar hins vegar alla misnotkun á markaðsráðandi stöðu og rík skylda hvílir á fyrirtækjum í slíkri stöðu að grípa ekki til neinna ráðstafana sem raskað geta samkeppni með óeðlilegum hætti eða misbeita með öðrum hætti stöðu sinni, sbr. einnig eftir atvikum 54. gr. EES-samningsins. Ljóst er að bannið við misnotkun á markaðsráðandi stöðu tekur til fyrirtækja sem eru í eigu opinberra aðila, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar Íslands frá 2. febrúar 2017 í máli nr. 273/2015, *Sorpa bs. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

59. Grundvallarreglur samkeppnislaga ná því til opinberra aðila jafnt og annarra aðila. Með öðrum orðum gilda sömu samkeppnisreglur um opinbera aðila sem stunda atvinnustarfsemi og einkafyrirtæki, svo fremi sem ekki er mælt fyrir um annað í sérlögum.
60. Eitt af hlutverkum Samkeppniseftirlitsins er að fylgjast með starfsemi opinberra aðila sem kann að hafa áhrif á samkeppni, gæta þess að aðgerðir þeirra takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra keppnauta á markað, sbr. c-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga. Í b-lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga er Samkeppniseftirlitinu veitt heimild til þess að grípa til aðgerða gegn athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni, að því tilskildu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna. Af ákvæðinu leiðir að tvö efnisleg skilyrði þurfa að vera uppfyllt ef eftirlitið á að geta gripið til íhlutunar. Annars vegar þarf athöfnin að vera skaðleg samkeppni og hins vegar mega sérlög ekki kveða á um heimild eða skyldu til athafnar hins opinbera aðila. Getur íhlutun samkvæmt ákvæðinu falið í sér hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að bregðast við skaðlegum athöfnum opinberra aðila, sbr. 2. mgr. 16. gr. laganna.

### **3. Mögulegir markaðir og staða Hörpu**

61. Í 4. gr. samkeppnislaga er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hefur markaður í samkeppnismálum að jafnaði verið skilgreindur út frá vöru og þjónustu annars vegar og landfræðilegri afmörkun hins vegar.

#### **3.1. Sjónarmið aðila máls**

62. Í gögnum málsins byggir kvartandi, ID Electronic, á því að Harpa hafi verið ráðandi á markaði fyrir tónleikahald með um 70-80% hlutdeild miðað við tónleikastaði þar sem hægt sé að taka við fleiri en 200 gestum. Miðar ID Electronic við höfuðborgarsvæðið og til stuðnings mati á hlutdeild voru lagðar fram upplýsingar af heimasíðunni midi.is frá 19. september 2013 til 13. júní 2014. Þar var borinn saman fjöldi tónleika í Hörpu annars vegar og tónleika í öðrum tónleikasölum fyrir um 200 gesti eða fleiri hins vegar. Ástæða þess að miðað var við tónleikasali fyrir um 200 manns eða fleiri gesti sé að salir Hörpu taki svipaðan fjölda eða fleiri. Á umræddu tímabili hafi verið bókaðir alls 118 tónleikar, þar af 74 tónleikar í Hörpu (62,7% tónleika) og 44 tónleikar annars staðar (37,3% tónleika). Af þeim hafi meirihluti tónleika verið í Salnum í Kópavogi, sem taki um 300 gesti. Væru gefnar þær forsendur að alltaf hafi verið uppselt á tónleikana, þá myndu u.þ.b. 111.145 manns fylla þessi tónleikahús. Þar af myndu 94.295 gestir sækja Hörpu heim (rúmlega 80%) en um 16.850 aðra staði (rúmlega 15%).
63. ID Electronic hefur einnig haldið því fram að Harpa hafi rekið stærstu tækjaleigu landsins fyrir hljóð-, ljósa-, sviðs- og myndbúnað. Harpa tilgreini tekjur af þessum búnaði í uppgjörum sínum og starfi á þessum markaði.



64. Harpa hefur mótmælt framangreindum sjónarmiðum ID Electronic um markaðinn og telur að þau séu ekki studd neinum rökum. Þá geti tónleikamarkaður ekki aðeins miðast við sali sem taki fleiri en 200 gesti. Harpa sé ekki markaðsráðandi á tónleikamarkaði enda hafi salir Hörpu fremur verið hugsaðir sem viðbót við framboð á markaðnum en að þeir séu í samkeppni við þá tónleikasali sem fyrir séu. Ljóst sé að Harpa njóti mikillar sérstöðu á markaðnum, en í því felist ekki að félagið sé í markaðsráðandi stöðu.
65. Harpa hefur byggt á því að um sé að ræða markað fyrir útleigu hljóðkerfa án tillits til þess um hvers konar viðburði sé um að ræða. Hljóðkerfi séu leigð út fyrir mun fleiri viðburði en tónleika, s.s. ráðstefnur, veislur, fundi o.fl. Þá séu hljóðkerfi ekki aðeins notuð í tónleikasölum heldur einnig á stórum og smáum tónleikastöðum bæði utan og innan dyra og séu kaupendur þjónustu þeirra aðila sem leigi út hljóðkerfi margir og mismunandi. Sé um að ræða hljómsveitir, leikhús og leikhópa, ráðstefnuhaldara, skóla, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.
66. Þá hefur Harpa ekki fallist á að miða aðeins við upplýsingar af almennum bókunarsíðum við mat á markaðsstöðu fyrirtækja, heldur þurfi einnig að horfa til bókunar sem falli utan þeirra.
67. Þá hefur Harpa byggt á því að taka þurfi með fleiri sali eða staði sem notaðir hafi verið fyrir stærri tónleika á höfuðborgarsvæðinu, s.s. Laugardalshöll, Egilshöll, Háskólabíó, Borgarleikhúsið, Þjóðleikhúsið, Austurbæ og Reiðhöllina í Víðidal. Utan stór-Reykjavíkursvæðisins megi nefna Hof á Akureyri.
68. Þá hefur Harpa bent á að við mat á markaðshlutdeild þurfi að taka tillit til þess að innan veggja Hörpu séu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sýningar Íslensku óperunnar, tónleikar Kammermúsíklúbbsins og Kammersveitar Reykjavíkur. Mikill meirihluti þessara tónleika séu órafmagnaðir.

### **3.2. Mat Samkeppniseftirlitsins á mögulegum markaði málsins**

69. Samkeppniseftirlitið telur að mál þetta geti varðað annars vegar þann markað sem Harpa starfar á og lýtur að rekstri tónlistarhúss og hins vegar þann markað sem kvartandi starfar á sem er útleiga á hljómfletningstækjum m.a. fyrir tónleikahald.

#### **3.2.1. Markaðir fyrir rekstur tónleikahúsa og tónleikastaða**

70. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á sjónarmið Hörpu um að félagið starfi ekki á samkeppnismarkaði fyrir tónleikastaði á þeirri forsendu að salir Hörpu hafi verið hugsaðir sem viðbót við framboð á markaðnum frekar en að þeir væru í samkeppni við þá tónleikasali sem fyrir væru. Óljóst er hvað átt er við með þessu og telja verður að samkeppni ríki á milli Hörpu og annarra staða sem geta boðið upp á tónleikahald. Sú samkeppni getur þó vissulega verið mismikil eftir því um hvaða staði er að ræða, s.s. út frá breytum eins og stærð (mögulegum gestafjölda) og gerð og hvort tónleikar eru innandyra eða utandyra.
71. Í þessu sambandi er mikilvægt að halda því til haga að Harpa er opinbert hlutafélag í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar. Umhugsunarvert er að félagið byggi á sjónarmiðum sem miða að því að skapa aukið svigrúm gagnvart samkeppnislögum, sérstaklega í ljósi þess að fyrirtækið hefur sterka stöðu á sínu sviði.
72. Þá getur Samkeppniseftirlitið ekki heldur fallist á það sjónarmið sem fram hefur komið af hálfu kvartanda að sjálfgefið sé að markaðurinn taki aðeins til tónleikastaða sem taki fleiri en 200 gesti. Við mat á því hvaða tónleikastaðir starfi á sama markaði og Harpa skiptir máli það samkeppnislega aðhald sem aðrir tónleikastaðir geta mögulega veitt.



73. Samkeppniseftirlitið hefur ekki í eldri málum fjallað um starfsemi tónlistarhúsa eða aðstöðu þar sem boðið er upp á tónleikahald. Þá eru erlend fordæmi þar sem fjallað hefur verið um starfsemi svipaða og sinnt er af Hörpu ekki mörg og engin, sem kunnugt er, þar sem framkvæmdastjórn ESB hefur fjallað samkeppnismarkaði á þessu sviði.
74. Það má hins vegar nefna að breska samkeppnisyfirkönd hafa í nokkrum samrunamálum fjallað um markaði sem snúast um starfsemi tónlistarhúsa/staða. Má í þessu sambandi nefna ákvörðun breska samkeppniseftirlitsins (Competition & Markets Authority - CMA) nr. ME/6574/15 frá 19. febrúar 2016 þar sem til skoðunar voru kaup LN-Gaiety Holdings á MAMA & Company Limited en þessi félög ráku bæði tónleikahús í Birmingham, Manchester og London. Var samruninn talinn hafa áhrif í þessum borgum auk þess sem bæði félögin stóðu að tónlistarhátíðum víða um Bretland.<sup>2</sup> Í ákvörðuninni, sem birt var 7. apríl 2016, var vísað til þess að við skilgreiningu á mörkuðum á þessu sviði hefði verið litið til nokkurra atriða.<sup>3</sup> Í fyrsta lagi hvort greina ætti markaðinn eða tónlistarhúsin/staðina út frá því hvort tónlistarflutningur færi fram utandyra eða innandyra (e. *outdoor vs indoor venues*). Í öðru lagi eftir tegund tónlistar eða viðburðar sem oftast er í boði á viðkomandi stað, t.d. væru sum tónlistarhús sérhæfð og þekkt fyrir óperuflutning og ballett á meðan önnur stæðu aðallega fyrir rokk-tónleikum. Í þriðja lagi skipti stærð máli, metin með hliðsjón af hámarksfjölda tónleikagesta (e. *venue capacity*) sem viðkomandi staður rúmaði. Var í því samhengi vísað til þess að gera mætti ráð fyrir að tónleikahús að svipaðri stærð kepptu hvert við annað. Hvað stærðarviðmið varðaði var byggt á að greina mætti á milli staða sem rúmuðu allt að 1.000 gesti, á milli 1.000 og 5.000, á milli 5.000 og 12.500 og yfir 12.500 tónleikagesti. Í fjórða lagi var talið að greina mætti á milli markaða eftir gerð tónlistarhúsa/-staða (e. *venue configuration*), s.s. út frá blönduðu framboði sæta og stæða.
75. Í umræddu máli var það mat breska samkeppniseftirlitsins að samruninn hefði áhrif á tónlistarstaði sem byðu upp á flutning innandyra og rúmuðu 1.000 til 5.000 tónleikagesti. Einnig var það mat eftirlitsins að áhrifa samrunans gætti á sviði tónlistarhátíða. Landfræðileg afmörkun fyrir tónlistarhús/-staði var talin vera Birmingham, Manchester og London, en allt Bretland fyrir tónlistarhátíðir.
76. Samkeppniseftirlitið telur að hér á landi, rétt eins og á Bretlandi og víðar, sé til markaður fyrir tónlistarstaði og tónlistarviðburði. Þó aðstæður á breskum markaði séu aðrar en hér á landi telur eftirlitið að hafa megi til viðmiðunar framangreind atriði sem talin eru afmarka þá mögulegu markaði sem m.a. tónlistarhús starfa á.
77. Út frá upplýsingum sem fram hafa komið í máli þessu sem og eru aðgengilegar á heimasíðu Hörpu er ljóst að tónlistarhúsið getur boðið upp á fjölbreyttan tónlistarflutning innandyra og getur tekið á móti 1.600-1.800 gestum í sæti í Eldborgarsal. Bæði Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska óperan hafa aðstöðu í Hörpu og er Eldborgarsalur notaður fyrir þessa aðila til tónleikahalds og sýninga. Mun fleiri tónlistarflytjendur og listamenn nýta Eldborgarsal Hörpu eins og þekkt er og dagskrá á hverjum tíma sýnir.<sup>4</sup> Fjölbreytni er í fyrirrúmi og má segja að tónleikar og viðburðir geti verið eins ólíkir og þeir eru margir. Um þetta segir á heimasíðunni:

<sup>2</sup> Sjá nánar ákvörðun breska samkeppniseftirlitsins (CMA):

[https://assets.publishing.service.gov.uk/media/57065b2f40f0b60385000051/LN-Gaiety\\_MAMA\\_decision\\_7.4.16.pdf](https://assets.publishing.service.gov.uk/media/57065b2f40f0b60385000051/LN-Gaiety_MAMA_decision_7.4.16.pdf)

<sup>3</sup> Í þessu sambandi var einnig vísað til eldri mála þar sem samrunar fyrirtækja sem reka tónlistarhús/staði og tónlistarhátíðir voru til skoðunar. Var um að ræða: Competition Commission Final Report in AEG/Wembley Arena (A report on the completed acquisition by AEG Facilities (UK) Limited, a subsidiary of Anschutz Entertainment Group Inc, of the contract to manage Wembley Arena), paragraph 7.14 and Competition Commission Final Report in Hamsard/Academy Music (A report on the proposed acquisition of a controlling interest in Academy Music Holdings Limited by Hamsard 2786 Limited, Competition Commission, 23 January 2007), paragraph 4.7.

<sup>4</sup> Sjá: <https://www.harpa.is/dagskra/> Heimasíða heimsótt þann 8. apríl 2022.



*„Harpa er heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Íslensku óperunnar og Stórsveitar Reykjavíkur, sem halda reglulega tónleika í Hörpu allt árið um kring. Jazzklúbburinn Múlinn á einnig heimilisfestu í Hörpu sem og Sígildir sunnudagar sem staðið hafa fyrir vikulegum tónleikum.*

*Ýmsar tónlistarhátíðir eru haldnar í Hörpu og heimsfrægar hljómsveitir, einleikarar, dansflokkar og leikhúshópar hafa sótt húsið heim. Harpa veitir árlega Upptaktinn, tónsköpunarverðlaun barna, og tónelska músin Maxímús Músíkús sést iðulega trítla um húsið og býður yngstu gesti Hörpu velkomna.“<sup>5</sup>*

78. Að mati Samkeppniseftirlitsins má því telja að mögulegur markaður sem Harpa starfar á sé rekstur tónlistarhúss og tónlistarstaðar innandyrna þar sem unnt sé að bjóða upp á fjölbreyttan tónlistarflutning. Hvað Eldborg varðar má telja ljóst að sá salur keppir ekki við staði þar sem haldnir hafa verið stærri tónleikar eins og opna íþróttaleikvanga enda umgjörð þar allt önnur en í Eldborg.
79. Er það jafnframt mat Samkeppniseftirlitsins að Harpa geti talist með einstaka yfirburði á þessu sviði og að ríkar skyldur geti því hvílt á félaginu að raska ekki samkeppni á m.a. á tengdum mörkuðum þar sem t.a.m. kvartandi, ID Electronic, starfar og einnig Exton. Að þessu er nánar vikið hér að neðan.

### **3.2.2. Mögulegir markaðir fyrir leigu og sölu á tækjum**

80. Gögn máls þessa gefa til kynna að markaðir fyrir leigu og sölu á tækjabúnaði fyrir tónleikahald hafi mikla þýðingu. Þeir geta eftir atvikum skipst niður í markaði fyrir leigu annars vegar og sölu hins vegar á mismunandi tegundum tækjabúnaðar til nota fyrir tónleikastaði og tónleikahaldara, s.s. hljóðbúnað og ljósabúnað. Á þessum mörkuðum starfa m.a. ID Electronic, kvartandi í máli þessu, og einnig fyrirtækin Exton og Luxor og bjóða þau bæði upp á fjölbreytt úrval á þessu sviði. Eftir því sem Samkeppniseftirlitið kemst næst liggja þó áherslur ID Electronic og Exton í hljóðbúnaði og Luxor í ljósabúnaði.
81. Sem fyrr segir byggir Harpa á því í málinu að sá markaður sem eigi við sé markaður fyrir tækjaleigu og að félagið sé ekki markaðsráðandi á þeim markaði. Eins og aðkomu Hörpu að þeim markaði hefur verið lýst leigir félagið út eigin tæki til tónleikahaldara í húsinu eða hefur milligöngu um útleigu á slíkum tækjum og endurleigir þau þá til tónleikarahaldara. Harpa leigir hins vegar ekki eigin tæki til annarra aðila en þeirra sem eru að halda tónleika eða viðburði í Hörpu.
82. Það er því ljóst af framansögðu að Harpa starfrækir ekki almenna tækjaleigu nema að því leyti að tæki í eigu félagsins eru leigð til þeirra aðila sem þar eru með tónleikahald eða aðra viðburði. Harpa leigir hins vegar hvorki eigin tæki út á almennum markaði né býður þau til sölu eins og t.d. ID Electronic, Exton og Luxor. Þegar Harpa hefur ekki yfir að ráða tækjabúnaði sem tónleikahaldarar þurfa á að halda leigir Harpa að sögn tækin af tækjaleigum eins og Exton, Luxor og fleiri aðilum, t.d. ID Electronic. Starfsemi Hörpu að þessu leyti er því talsvert frábrugðin starfsemi ID Electronic og Exton sem bjóða sinn búnað bæði til leigu og sölu öllum sem þurfa á slíkum búnaði að halda. Að þessu leyti er Harpa því ekki í beinni samkeppni (á sama sölustigi) við ID Electronic og Exton.
83. Að mati Samkeppniseftirlitsins er, þrátt fyrir framangreint, ekki nauðsynlegt í þessu máli að taka afstöðu til þess hvort eða að hve miklu leyti Harpa starfar á sama markaði og umrædd

<sup>5</sup> Sjá: <https://www.harpa.is/um-horpu> Heimasíða heimsótt þann 8. apríl 2022.



fyrirtæki, ID Electronic og Exton, eða eftir atvikum önnur fyrirtæki í svipaðri starfsemi, þ.e. við leigu á hljóð- og ljósabúnaði. Aðalatriðið er að Harpa starfar að meginstefnu sem tónlistarhús og sem aðstöðuveitandi fyrir tónleika og aðra listviðburði og ráðstefnur eins og rakið hefur verið hér að framan. Möguleg sterk staða eða yfirburðir Hörpu við veitingu á aðstöðu til tónleikahalds getur haft mikil áhrif á fyrirtæki sem starfa á aðliggjandi mörkuðum, s.s. við leigu og sölu á tækjabúnaði og jafnvel þá aðila sem standa að tónleikahaldi. Er því rétt að taka til skoðunar hvort Harpa sé mögulega í markaðsráðandi stöðu.

### 3.2.3. Nánar um starfsemi Hörpu og mögulega markaðsráðandi stöðu tónlistarhússins

84. Í 4. gr. samkeppnislaga segir að fyrirtæki teljist vera markaðsráðandi þegar það hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.
85. Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús er opinbert hlutafélag (ohf.) og eins og áður hefur komið fram á íslenska ríkið 54% hlut í félaginu og Reykjavíkurborg 46% hlut. Harpa er 28.000 fm. að stærð og í húsinu eru fimm stórir salir sem eru:<sup>6</sup>
- Eldborg er stærsti salur Hörpu (1.008 fm.) og rúmar 1.800 gesti ef allir möguleikar eru fullnýttir. Eldborg er sérhannaður salur fyrir tónleikahald með sérhönnuðum hljómburði fyrir allar tegundir tónlistar. Er salurinn búinn stillanlegum ómtíma, kórbekkjum, aðstöðu fyrir upptökur og einnig aðstöðu fyrir listamenn. Salurinn er sérhannaður fyrir tónleikahald og þar fara fram órafmagnaðir og rafmagnaðir tónleikar, óperusýningar, leiksýningar, danssýningar og ýmis konar ráðstefnur og fundir. Í salnum er hljóðkerfi og ljósabúnaður sem er innbyggt að hluta til.
  - Norðurljós (540 fm.) er nýttur fyrir tónleika, ráðstefnur, sýningar, árshátíðir og aðrar samkomur og er útbúinn sérhönnuðum ljósabúnaði. Salurinn rúmar allt að 250 gesti í sæti. Möguleiki er að tengja Norðurljós og Silfurberg saman fyrir stærri viðburði. Þannig að mögulegt er að samnýta þá fyrir stærri viðburði. Í salnum er stillanlegur ómtími og hljóðkerfi.
  - Silfurberg (735 fm.) er með fyrsta flokks ljósabúnaði, hljóðkerfi og túlkaklefa fyrir ráðstefnur. Salurinn rúmar allt að 840 gesti í sæti. Hægt er að skipta salnum í tvennt með fellivegg sem er hljóðeinangraður og rúmar þá hvor salur um sig um 300 gesti í sæti. Sem fyrr segir er hægt að tengja Silfurberg og Norðurljós.
  - Kaldalón (198 fm.) er minnsti salurinn í Hörpu og rúmar 195 gesti í sæti. Salurinn er hannaður fyrir tónleika. Sviðið er færanlegt og einnig er hægt að nota gólfíð sem svið. Salurinn hentar fyrir tónleika, ráðstefnur og fyrirlestra.
  - Björtuloft er 400 fm. rými á tveimur hæðum sem rúmar um 140 gesti í sæti. Salurinn hentar fyrir hvers konar veislur og fundi. Rýmið er búið sýningartjaldi og skjávarpa ásamt hljóðkerfi.
86. Í Hörpu eru einnig sjö minni herbergi og salir sem rúma á bilinu 8-250 manns.
87. Af þessu er ljóst að Harpa býr yfir mikilli breidd í framboði á tónlistar- og ráðstefnusölum.

<sup>6</sup> Upplýsingar um sali Hörpu koma fram í bréfum fyrirtækisins frá 30. júlí 2013 og 1. janúar 2014. Sjá einnig hér: <https://www.harpa.is/harpa/salir-og-rymi/>



88. Samkeppniseftirlitið telur að Harpa og þá sérstaklega Eldborgarsalurinn hafi mikla sérstöðu þegar kemur að rekstri tónlistarhúsa/-staða á Íslandi. Um er að ræða stærsta tónlistar- og ráðstefnuhús á Íslandi og á húsið sér ekki hliðstæðu hér á landi og jafnvel víðar. Til vitnis um þetta er umfjöllun um Hörpu sem er að finna á heimasíðu tónlistarhússins:

*„Harpa er eitt helsta kennileiti Reykjavíkur og er miðstöð menningar og mannlífs í hjarta miðborgarinnar. Harpa er áfangastaður ferðamanna og margverðlaunað listaverk sem milljónir manna hafa heimsótt frá opnun.*

...

*Þrátt fyrir ungan aldur er Harpa margverðlaunuð, bæði fyrir arkitektúr og sem tónlistar- og ráðstefnuhús. Harpa hlaut ein virtustu byggingarlistarverðlaun heims, Mies van der Rohe verðlaunin árið 2013. Þá var Harpa valin eitt af bestu tónleikahúsum nýs árþúsunds af hinu virta tónlistartímariti Gramophone Magazine 2010 og haustið 2016 var húsið valið besta ráðstefnuhús Evrópu. af Business Destination tímaritinu. Nýlega var svo Eldborg verðlaunuð fyrir framúrskarandi hljómburð og þykir standa vel undir nafni sem tónleikasalur á heimsmælikvarða.“<sup>7</sup>*

89. Ekki eru önnur sambærileg tónlistarhús og Harpa starfandi á Íslandi. Eina tónlistarhúsið fyrir utan Hörpu sem hefur verið reist sérstaklega fyrir tónleikahald er Salurinn í Kópavogi. Tónleikahald þar er nokkuð fjölbreytt en þó er aðallega um klassíska tónlist og jazz að ræða og húsið tekur aðeins 300 manns í sæti.<sup>8</sup>
90. Samkeppniseftirlitið telur því sterkar líkur á því að Harpa sé með þeirri þjónustu sem felst í rekstri hússins og þá sérstaklega á Eldborgarsal Hörpu í ráðandi stöðu hér á landi sem aðstöðuveitandi fyrir fjölbreytt tónleikahald innandyra þar sem hátt í tvö þúsund manns geta fengið sæti hverju sinni. Ekkert annað tónleikahús eða tónleikahaldari getur boðið upp á sambærilegan sal og Eldborg og við þetta bætist að Harpa hefur einnig yfir nokkrum minni sölum að ráða sem tryggi fjölbreytni og breidd í þjónustuframboði.
91. Með hliðsjón af framangreindu má færa fyrir því rök að Harpa geti talist njóta mikilla yfirburða á mögulegum markaði fyrir rekstur tónleikahúsa.

#### **4. Umgjörð og starfshættir sem teknir hafa verið til skoðunar**

92. Eins og rakið er hér að framan hafa kvartanir sem Samkeppniseftirlitið hefur mótttekið vegna Hörpu einkum varðað samninga félagsins um búnað til tónlistarflutnings og háttsemi því tengdu. Hér á eftir verður nánari grein gerð fyrir þessum kvörtunum, framkomnum sjónarmiðum og mati eftirlitsins. Í fyrsta lagi verður fjallað um útboð og samninga Hörpu og Exton um kaup, eftirlit og viðhald á hljóðkerfum, í önnur viðskipti Hörpu sem tengjast innkaupum og leigu á hljóðkerfum og í þriðja lagi um takmarkanir á því að leyfa notkun leigutaka á hljóðkerfum frá öðrum aðilum en Hörpu. Í lokin verða dregnar ályktanir af þessum athugunum.

##### **4.1. Útboð og samningar Hörpu og Exton um kaup, eftirlit og viðhald á hljóðkerfum**

93. Fyrir liggur í málinu að vorið 2008 stóð byggingaraðili Hörpu, þ.e. ÍAV f.h. Portus/Totus, fyrir útboði á hljóð- og samskiptakerfi (S&C) og sviðslýsingarkerfi (PL) fyrir tónlistarhúsið. Í apríl 2008 voru tilboð opnuð. Í hljóð- og samskiptakerfi (S&C) bárust tilboð frá fyrirtækjunum ID Electronic/HljóðX, Nýherja, Exton og S. Guðjónssyni og í sviðslýsingarkerfi bárust tilboð frá

<sup>7</sup> Sjá: <https://www.harpa.is/um-horpu> Heimasíða heimsótt þann 8. apríl 2022.

<sup>8</sup> Sjá heimasíðu Salarins – heimsótt þann 27. apríl 2022: <https://salurinn.kopavogur.is/um-salinn/lysing>



SagaFilm (Luxor), Exton og AOB. Ráðgjafar verkkaupa við val á bjóðanda voru Artec consultants sem eru sérfræðingar á sviði búnaðar fyrir tónlistarhús og leikhús.

94. Hagstæðasta tilboð í hljóð- og samskiptakerfi var metið vera frá fyrirtækinu Exton og var gerður samningur á milli þess fyrirtækis og ÍAV að fenginni umsögn frá Artec consultants þann 5. september 2008. Komið hefur fram í máli Hörpu að tilboð Exton hafi uppfyllt best kröfur útboðsgagna auk þess sem valkostir í leigu á búnaði hafi fallið mjög vel að þörfum verkkaupa. Þá hefur Harpa fært rök fyrir því að hluti tilboðanna hafi verið haldnir annmörkum, s.s. varðandi efni eða umfang.
95. Þá var einnig samið við Exton um sviðslýsingarkerfi (PL) að fenginni umsögn Artec consultants. Í þessu tilviki hafi einnig skort á efni tiltekinna tilboða.
96. Samkvæmt samningnum við Exton frá 5. september 2008 setti fyrirtækið hljóðkerfi í alla sali Hörpu, opin rými o.fl. Undir samninginn féll einnig að útvega hátalara, magnara, hljóðnema, upptökutæki í hljóð og mynd o.fl. Eftir því sem fram hefur komið í máli Hörpu var gert ráð fyrir því að hljóðkerfið yrði varanlega til staðar fyrir viðburði í húsinu og að ekki yrði skipt um hljóðkerfi eða einstaka hluta þess eftir því hvaða tónlistarviðburðir myndu eiga sér stað. Jafnframt hefur komið fram að Exton beri ábyrgð á hljóðbúnaði hússins.
97. Samkvæmt upplýsingum Hörpu nam endanlegt kaupverð á hljóð- og samskiptakerfum (S&C) og sviðs- og viðburðarlýsingu (PL) fyrir tónlistarhúsið samkvæmt tilboði frá Exton samtals rúmlega einum milljarði króna.
98. Í 11. gr. samningsins á milli ÍAV og Exton frá september 2008 kom fram að sérstakur viðhalds- og þjónustusamningur yrði gerður og samkvæmt Hörpu átti sá samningur að byggjast á því tilboði sem Exton gerði í umræddu útboði. Var samningurinn var hins vegar ekki gerður fyrr en í september 2012, en við bankahrunið stöðvuðust framkvæmdir við bygginguna og var húsið ekki opnað fyrr en í maí 2011.
99. Viðhalds- og þjónustusamningurinn var gerður á milli AGO ehf./ÍAV og Exton og ber samningurinn yfirskriftina „Harpa – þjónusta við sérkerfi frá Exton“. Í honum er kveðið á um fast viðhald, úttektir og almenna þjónustu. Umrædd sérkerfi/búnaður samkvæmt samningnum eru:
  - Hljóð- og samskiptakerfi (Sound & Communication – S&C)
  - Viðburðarlýsing – (Production Lighting - PL)
  - Hljóð- og myndkerfi – (Audio Visual – AV)
  - Rafræn upplýsingaskjakerfi – (Digital Signage – DS)
100. Ljóst er því að samningurinn tók m.a. til bæði hljóð- og samskiptakerfa – S&C (sem um er deilt í þessu máli) og einnig viðburðarlýsingar - PL. Nánar sagði í samningnum að verkið skyldi vinna samkvæmt þjónustuáætlun og þjónustuleiðbeiningum í handbók Hörpu um umrædd kerfi auk staðla sem vísað sé til í þjónustuleiðbeiningunum og/eða á teikningum. Vísað er til ÍST 30 – nýjustu útgáfu ásamt stöðlum og reglugerðum sem varði verkið. Um gildistíma segir að samningurinn gildi frá 1. júlí 2012 og að hann sé uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara.
101. Eins og yfirskrift samningsins ber með sér tekur hann til þjónustu við m.a. hljóðkerfi sem Exton setti upp. Þá hefur Harpa útskýrt samninginn þannig að hann byggist á því tilboði sem Exton gerði í útboðinu vorið 2008.





102. Samkvæmt upplýsingum Hörpu er samningurinn fallinn úr gildi.
103. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru ekki efni til þess að gera athugasemdir við það verklag í upphafi að framkvæma útboð við val á hljóð- og samskiptakerfi (S&C) og sviðslýsingarkerfi (PL) fyrir tónlistarhúsið. Útboð eru að öllu jöfnu til þess fallin að efla samkeppni og auðvelda aðgang nýrra aðila að markaðnum að því gefnu að rétt sé að þeim staðið, sbr. m.a. skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008, *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*.<sup>9</sup> Þá hefur Samkeppniseftirlitið einnig fjallað ítarlega um útboð opinberra aðila í álitinu nr. 4/2009, *Opinber útboð, samkeppni og samkeppnishindranir – Gátlisti til að forðast ólögsmætar samkeppnishindranir*. Í álitinu kemur fram að útboð opinberra aðila geti verið skilvirk aðferð til þess að efla nýsköpun og starfsemi frumkvöðla. Til að mynda er umfjöllun um að útboð geti verið mikilvægur liður í því að örva samkeppni og vinna gegn skaðlegum áhrifum þeirra áfalla sem íslenskt samfélag gekk í gegnum í efnahagskreppunni haustið 2008. Þá geti útboð sem rétt sé staðið að lækkað kostnað ríkisins við ýmisleg innkaup á vörum og þjónustu. Í álitinu er þeim tilmælum beint til opinberra aðila sem annast eða koma með öðrum hætti að opinberum innkaupum að þeir beiti útboðum í þeim tilvikum sem það er hagkvæmt og því verði við komið. Þá fylgir álitinu gátlisti þar sem atriði sem hafa ber í huga við framkvæmd útboða eru talin upp.
104. Með útboðinu voru byggingaraðilar að nýta sér markaðslausnir og kosti samkeppninnar til að tryggja sem hagkvæmast verð fyrir þá vöru og þjónustu sem verið var að kaupa. Þá var óháður aðili á sviði hönnunar og skipulagningar á tónlistarhúsum og tónleikastöðum, fyrirtækið Artec consultants í New York, fengið til að meta tilboðin og bjóðendur.<sup>10</sup> Ekkert er komið fram sem bendir til annars en að mögulegir bjóðendur hafi setið við sama borð við útboðið og tók kvartandi í málinu m.a. þátt.
105. Samkeppniseftirlitið telur heldur ekki óeðlilegt að í upphaflegum samningi frá september 2008 hafi verið ákvæði sem tæki til þess að verktaki myndi þjónusta viðkomandi hljóðkerfi (sbr. 11. gr. þess samnings) og að í framhaldi hafi verið gerður umræddur samningur um „þjónustu við sérkerfi frá Exton“ jafnvel þó hann hafi verið gerður um fjórum árum síðar. Ætla verður að ástæða þess að svo langur tími hafi liðið frá því síðari samningurinn var gerður skýrist aðallega af frestun framkvæmda vegna efnahagskreppunnar sem hófst í október 2008 og þeirra afleiðinga sem kreppan hafði á framkvæmdir við Hörpu á sínum tíma eins og áður segir.
106. Þó ekki sé að finna bein útilokunarákvæði í samningnum og hann hafi verið uppsegjanlegur með mánaðar fyrirvara, verður þó að ætla, miðað við það hvernig Harpa hefur lýst honum, að ekki hafi verið gert ráð fyrir að aðrir aðilar en Exton þjónustuðu þann búnað sem fyrirtækið setti upp samkvæmt samningnum frá september 2008. Upplýsingar um innkaup Hörpu á nýjum tækjum (viðbætur) og tækjaleigu sýna einnig að viðskiptum var að meginstefnu beint til Exton, sérstaklega fyrstu árin í starfsemi Hörpu, sbr. nánar hér á eftir.
107. Samkeppniseftirlitið telur ekki óeðlilegt að þjónustusamningur eins og sá sem hér um ræðir hafi verið gerður við söluaðila hljóðkerfis, a.m.k. til skamms tíma, með vísan til öryggis- og gæðasjónarmiða. Á hinn bóginn vakna spurningar um hvort eðlilegt geti talist að Harpa, í ljósi stöðu sinnar á mögulegum markaði fyrir rekstur tónlistarhúsa, geri þjónustusamning um hljóðkerfi við seljanda sem vari í mörg ár án þess að til komi útboð eða a.m.k. verðfyrirspurn. Í

<sup>9</sup> Sjá einnig ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2013 *Kvörtun Íslenska gámafélagsins ehf. vegna sorphirðufyrirkomulags frístundahúsa í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi* og álit Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008, *Úthlutun ríkisstyrks til áætlunarflugs milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur*.

<sup>10</sup> Sjá nánar: <http://www.artecconsultants.com/>

Á heimasíðunni segir m.a.: „Artec Consultants Inc is the global leader in the design and planning of innovative performing arts facilities. Founded in 1970, we provide specialized consulting services for facilities of all types from opera houses, concert halls, and multi-purpose theatres, to open air venues and historic renovations.“ Heimasíða heimsótt 27. apríl 2022.



Því sambandi vísar Samkeppniseftirlitið til þess að Harpa hefur ekki fært rök fyrir því að aðrir aðilar geti ekki sinnt reglubundinni þjónustu við það hljóðkerfi sem innbyggt er í húsið og að fullu í eigu Hörpu. Kann þetta atriði að raska samkeppni á meðal þeirra fyrirtækja sem geta eða hefðu mögulega í hyggju að bjóða upp á þjónustu við hljóðkerfið. Að mati eftirlitsins mætti Harpa í því sambandi líta til framangreindra sjónarmiða um gildi útboða og tilmæla sem Samkeppniseftirlitið hefur sett fram í fyrrnefndum úrlausnum.

108. Með hliðsjón af framangreindu hefur Samkeppniseftirlitið ekki talið forsendur til að ætla að Harpa eða Exton hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með umræddum samningum frá september 2008 um kaup á m.a. hljóð- og ljósakerfi og frá september 2012 um þjónustu við kerfin. Þá hefur Samkeppniseftirlitið ekki forsendur til að beita opinberum aðilum íhlutun vegna þessa á grundvelli b-liðar 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga, líkt og kvartandi fór fram á.
109. Sem fyrr segir óskaði Samkeppniseftirlitið nýlega eftir upplýsingum frá Hörpu um hvort einhverjar þær forsendur eða mikilvæg atriði hafi breyst á sl. rúmum tveimur árum frá því gagnaöflun stóð yfir. Aðallega væri um breytingar á samningum eða skilmálum að ræða en ekki að tölulegum upplýsingum.
110. Sérstaklega var óskað upplýsinga um viðhalds- og þjónustusamning sem AGO ehf./ÍAV gerðu við Exton um þjónustu við sérkerfi frá því fyrirtæki frá 1. júlí 2012 en óljóst var hvort hann væri ennþá í gildi.
111. Í svari Hörpu kom fram að engar breytingar hefðu orðið á skilmálum Hörpu varðandi útleigu tækja frá því sem gerð var grein fyrir í svari til Samkeppniseftirlitsins á árinu 2019. Þá kom jafnframt fram að samningurinn við Exton væri löngu fallinn úr gildi.
112. Draga má þann lærdóm af framangreindu, hversu brýnt það er að stjórnvöld sem gera samninga um búnað og þjónustu til lengri tíma hugi sérstaklega vel að grundvelli samningsgerðar, tímalengd og möguleikum til þess að skapa samkeppnislegt aðhald á samningstímanum, s.s. með því að gefa með gagnsæjum hætti öðrum en upphaflegum seljanda tækifæri til þess að koma að eða bjóða í þjónustu ef þess er kostur. Hér skiptir því miklu máli að undirbúa útboð vel og meta hvernig útboðið og eftirfarandi samningagerð er best til þess fallin að skapa samkeppnislegt aðhald, ekki bara í upphafi heldur á samningstíma eða í framhaldi af honum. Nýta má aðferðafræði samkeppnismats (e. *competititon assessment*) við undirbúning af þessu tagi, sbr. [álit nr. 2/2009, Samkeppnismat stjórnvalda](#).
113. Með hliðsjón af framangreindu beinir Samkeppniseftirlitið þeim tilmælum til Hörpu að yfirfara verklag við undirbúning samninga og samningagerð, sbr. nánari tilmæli sem sett eru fram í upphafi þessa álits.

## **4.2. Um önnur innkaup Hörpu á hljóðkerfum og ljósakerfum**

114. Byggt hefur verið á því af hálfu Hörpu að enginn samningur sé til staðar sem skuldbindi félagið til viðskipta við Exton um leigu á aukabúnaði eða önnur viðskipti sem ekki tengist umræddum samningum frá árunum 2008 og 2012 sem fjallað hefur verið um hér að framan. Harpa hefði samið við ýmsa aðra aðila en Exton um leigu á hljóðkerfum. Starfsmenn Hörpu meti það í hverju tilviki við hverja sé best að semja þegar slík viðskipti eigi sér stað.
115. Við meðferð málsins aflaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga frá Hörpu um sundurliðaðan kostnað fyrirtækisins vegna tækjakaupa fyrir hljóð-, ljósa- og myndbúnað sem stafaði ekki af samningum Hörpu við Exton í september 2008 og september 2012. Í þessu samhengi var jafnframt óskað eftir upplýsingum um hvort Harpa hefði leitað tilboða eða haldið útboð vegna



annarra viðskipta en þeirra sem umræddur samningur við Exton fæli í sér, þ.e. tækjakaup sem ekki voru vegna samnings sem ÍAV gerði við Exton í september 2008. Þá var í seinni athugun í málinu óskað sömu upplýsinga fyrir árin 2014, 2015, 2016, 2017, 2018 og fyrstu sex mánuði ársins 2019.

116. Í svari Hörpu komu fram upplýsingar um viðbótarkaup á sérkerfum. Voru þau talin upp í eftirfarandi töflu auk þess sem greint er frá viðskiptaaðila, fjárhæð viðskipta og hvernig til þeirra hafi verið stofnað. Er um að ræða viðskipti frá 2010/2011 fram til upphafs ársins 2014.

Sérkerfi	Viðskiptaaðili	Verð í kr.	Fyrirkomulag viðskipta
Upplýsingaskjakerfi (DS)	Exton	[...]¹¹	Verðkönnun
Hljóð- og myndkerfi (AV)	Exton	[...]	Verðkönnun
Viðbótarljós og ljósarár	Exton	[...]	Verðkönnun
Viðbótarljós	Luxor	[...]	Verðkönnun
Viðbótarljós	Luxor	[...]	Verðkönnun
ND rásir fyrir viðbótarljós	Exton	[...]	Viðbót
Ljósastandar	Zedrus	[...]	Verðkönnun
Sviðspallar	Luxor	[...]	Verðkönnun
Hljóð-, ljós- og myndkerfi v/ L6 og L7	Exton	[...]	Viðbót
Hljóð-, ljós- og myndkerfi v/ L8	Exton	[...]	Viðbót
Drapperingar fyrir svið í Eldborg	Luxor	[...]	Lokað útboð
<b>Samtals</b>		[...]	

117. Ljóst er af töflunni að af rúmlega [...] m.kr. innkaupum Hörpu á sérkerfum voru um [...] m.kr. eða rúmlega [85-90]% vegna viðskipta við Exton. Til þess ber þó að líta að langmest af viðskiptunum eða fyrir rúmlega [...] m.kr. (tæplega [90-95]%) voru tilkomin í kjölfar verðfyrirspurna eða lokaðs útboðs.
118. ID Electronic gerði í málinu athugasemdir vegna framangreindra upplýsinga sem fyrirtækið taldi sýna að það hefði verið sniðgengið við innkaup Hörpu. Harpa hafði framkvæmt útboð eða verðkannanir vegna tækjakaupa fyrir um [...] m.kr. (Eru þá ekki taldir með fyrstu tveir liðir í töflunni – upplýsingaskjakerfi (DS) og hljóð- og myndkerfi (AV)). Varðandi þessa liði hefði Harpa aldrei leitað til ID Electronic vegna tilboða í kaup á tækjabúnaði í Hörpu. Það hefði verið athugasemdavert að mati ID Electronic í ljósi markaðsstöðu þess fyrirtækis og úrvals vöruflokka sem það byggir yfir á þessu sviði. Í þessu sambandi vísaði ID Electronic til þess að fyrirtækið hefði selt, sett upp og/eða þjónustað þau hljóðkerfi sem hefðu verið í Flugstöð Leifs Eiríkssonar (eitt stærsta hljóðkerfi landsins), Smáralind, Kringlunni og fjölda annarra fyrirtækja og stofnana. Þá var því haldið fram að ID Electronic hefði getað boðið allan þann tækjabúnað sem Harpa hefði leitað tilboða í frá lokum útboðsins árið 2008.
119. Af hálfu Hörpu var byggt á því að umrædd innkaup hefðu að mestu leyti tekið til ljósabúnaðar, einkum sviðsljósa fyrir Íslensku óperuna. Verkfræðingar sem unnið hefðu að málinu hefðu ekki leitað til ID Electronic þar sem fyrirtækið hefði ekki verið með umboð fyrir þau ljós sem þörf hefði verið á eða veitt þjónustu við þau.

¹¹ Upplýsingar innan hornklofa eru meðhöndlaðar sem trúnaðarupplýsingar og verða ekki birtar í áliti þessu. Upplýsingar geta verið birtar á bili, t.d. [50-55]%.



120. Samkeppniseftirlitið aflaði síðar frekari upplýsinga um sambærileg kaup Hörpu fyrir árin 2014, 2015, 2016, 2017, 2018 og fyrstu sex mánuði ársins 2019, sbr. eftirfarandi töflu.

Sérkerfi	Viðskiptaaðili	Verð í kr.	Fyrirkomulag viðskipta
Myndbúnaður	Exton	[...]	Verðkönnun
Hljóðbúnaður	Exton	[...]	Verðkönnun (að hluta)(*)
Ljósabúnaður	Exton	[...]	Verðkönnun
Ljósabúnaður	Luxor	[...]	Verðkönnun
Hljóðbúnaður	Hvítasunnuk. Fíladelfía	[...]	Verðkönnun
Myndbúnaður	Card ehf.	[...]	Verðkönnun
Ljósabúnaður	Card ehf.	[...]	Verðkönnun
Myndbúnaður	IB Creative ehf.	[...]	Verðkönnun
Myndbúnaður	Rafland ehf.	[...]	Verðkönnun
Ljósabúnaður	HongKong Company C. L	[...]	Verðkönnun
<b>Samtals</b>		[...]	

(\*) Skv. upplýsingum Hörpu voru þar af [...] kr. sem voru viðskipti án þess að verðkönnun hefði verið gerð.

121. Samkvæmt framangreindu var umfang tækjakaupa Hörpu á þessu síðara tímabili mun minna en á hinu fyrra enda tók fyrra tímabilið til fyrstu ára í starfsemi tónlistarhússins, en ætla má að þörf fyrir viðbætur hafi þá verið meiri enda starfsemin í húsinu og mótun hennar í mikilli þróun. Hvað sem því líður þá hafði mestu af viðskiptunum verið beint til Exton eða tæplega [60-65]% af heild. Ef aðeins er litið til hljóðkerfa var hlutfall þeirra viðskipta sem beint var til Exton mun hærra eða rúmlega [85-90]%. Langstærstur hluti þeirra viðskipta var þó ekki til kominn vegna verðkönnunar eða verðfyrirspurnar.
122. Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að mest af viðskiptum Hörpu varðandi kaup á viðbótartækjum var beint til Exton á framangreindu tímabili. Skýrðist það væntanlega af umræddum samningi frá 2008. Þó viðskiptin á síðara tímabili hefðu ekki verið jafn mikil að umfangi og því fyrra er ljóst a.m.k. hvað hljóðkerfi varðar að þau voru einnig mest við Exton og viðskiptin voru ekki tilkomin vegna verðkönnunar af hálfu Hörpu. Þá er ljóst að t.a.m. kvartanda í máli þessu var ekki boðið að gera tilboð vegna þessara tækjakaupa.
123. Af framangreindu má ráða að ekki hafi verið staðið með fullnægjandi hætti að verðkönnunum og e.a. útboðum, sem væru til þess fallin að stuðla að hagkvæmari og betri innkaupum og myndu um leið skapa keppnautum á þessu sviði tækifæri til að keppa um viðskipti við Hörpu. Þá eru ekki vísbendingar um miðað við nýlegar skýringar og athugasemdir Hörpu að þessi staða hafi breyst. Mælist Samkeppniseftirlitið til þess að verklag vegna þessa verði endurskoðað, sbr. nánari tilmæli í upphafi þessa álits.

### 4.3. Um leigu Hörpu á hljóðkerfum og ljósakerfum

124. ID Electronic kvartaði einnig yfir því að þegar Harpa leigði viðbótartækjabúnað sem húsið hefði ekki yfir að ráða, væri ekki leitað til fyrirtækisins um þau viðskipti. Eðlilegt væri í opinberum rekstri að viðhafa útboð eða að leita hagstæðra tilboða þegar þörf væri á búnaði, en það hefði einungis verið gert í undantekningartilfellum.
125. Af hálfu Hörpu hefur komið fram að ef þörf væri á búnaði sem ekki væri til hjá Hörpu væri búnaðurinn leigður af ýmsum aðilum og voru fyrirtækin Exton, Luxor og Nýherji nefnd í því sambandi. Sannarlega væri oft leigt af þeim sem útvegað hefðu grunnkerfið í upphafi enda mikilvægt að viðbótarbúnaður ynni vel saman með þeim búnaði sem fyrir væri í húsinu með hliðsjón af hljómburði og gæðum. Þetta atriði væri mjög mikilvægt að mati Hörpu. Þá byggði



Harpa á því að ID Electronic ætti ekki stóran hluta af þeim búnaði sem Harpa þyrfti að leigja þegar leigður væri sk. „backline“ búnaður, túlkabúnaður eða sk. „Pixeline“ búnaður. Þessum andsvörum var mótmælt af hálfu kvartanda og sett fram rök í því sambandi.

126. Af þessu tilefni óskað Samkeppniseftirlitið á árinu 2013 eftir upplýsingum um sundurliðaðan kostnað félagsins vegna leigu á viðbótartækjum fyrir hljóð-, ljósa- og myndbúnað á árunum 2011, 2012 og 2013. Var jafnframt beðið um að tilgreint yrði hjá hvaða leigusala umræddur búnaður hefði verið leigður. Þá var í seinni athugun óskað sömu upplýsinga fyrir árin 2013<sup>12</sup>, 2014, 2015, 2016, 2017, 2018 og fyrstu sex mánuði ársins 2019.
127. Umbeðnar upplýsingar voru afhentar Samkeppniseftirlitinu á árinu 2014 og 2019, sundurliðaðar eftir leigusölum. Koma þessar upplýsingar fram í eftirfarandi töflu. Er þar einnig sýndur hlutur þeirra tveggja aðila sem Harpa leigði umræddan tækjabúnað mest af, auk samtölu fyrir aðra leigusala.

Ár	Leiga frá stærsta aðila (Exton) (1)	Leiga frá næst stærsta aðila	Aðrir aðilar	Samtals tækjaleiga
2011 (okt.-des.)	[...]	[...](2)	[...]	[...]
2012	[...]	[...](3)	[...]	[...]
2013	[...]	[...](4)	[...]	[...]
2014	[...]	[...](5)	[...]	[...]
2015	[...]	[...](6)	[...]	[...]
2016	[...]	[...](7)	[...]	[...]
2017	[...]	[...](7)	[...]	[...]
2018	[...]	[...](7)	[...]	[...]
2019 (jan.-júni)	[...]	[...](7)	[...]	[...]
<b>Samtals</b>	[...]	[...]	[...]	[...]

(1) Í öllum tilvikum er um Exton að ræða. (2) Nýherji ehf. (3) ID Electronic ehf. (4) EB kerfi ehf. (5) Saga film (6) CB Congress Service GmbH (7) Luxor tækjaleiga ehf.

128. Samtals námu greiðslur Hörpu vegna leigu á viðbótartækjum á umræddu tímabili frá október 2011 til júní 2019 tæplega [...] m.kr. og þar af runnu rúmlega [...] m.kr. til Exton eða tæplega [55-60]%.  
129. Af þessu er ljóst að á tímabilinu höfðu langmest viðskipti Hörpu verið við Exton þegar kemur að leigu á tækjum og búnaði til nota fyrir sali tónlistarhússins. Hlutfallið var sem fyrr segir [55-60]% á tímabilinu í heild en var þó mun hærra á fyrri hluta þess á meðan umræddur þjónustusamningur við Exton frá september 2012 var ennþá í gildi. Á síðari hluta tímabilsins er þó ljóst að viðskiptin hafa dreifst víðar og þá einkum til Luxor tækjaleigu. Það fyrirtæki sérhæfði sig einkum í ljósa- og myndbúnaði.  
130. Ekki kom fram í skýringum Hörpu hvort framangreind viðskipti, sérstaklega eftir að umræddur þjónustusamningur við Exton rann út, hefðu komið til í kjölfar útboðs eða verðfyrirspurnar. Í öllu falli er ljóst að kvartandi í málinu, ID Electronic, byggði á því að aldrei á nefndu tímabili hefði verið óskað eftir búnaði frá fyrirtækinu eða því send verðfyrirspurn eða boðið að gera tilboð vegna leigu á tækjum. Ætti þetta við jafnvel þó ID Electronic teldi sig búa yfir breiðu úrvali m.a. hljóðkerfa og tengds búnaðar.

<sup>12</sup> Uppgjöri vegna ársins 2013 var ekki lokið í janúar 2014 og byggðu upplýsingar fyrir það ár því á óafstemmdu bókhaldi. Var upplýsinga fyrir árið 2013 því aflað á nýjan leik við síðari athugun málsins.



131. Með hliðsjón af þessu og þeim upplýsingum sem lesa má út úr framangreindri töflu, þ.e. að nánast öllum viðskiptum er varða leigu á tækjabúnaði hafi verið beint til eins til tveggja fyrirtækja á viðmiðunartímabilunum. Þá eru ekki vísbendingar um, miðað við nýlegar skýringar og athugasemdir Hörpu, að þessi staða hafi breyst frá þeim viðmiðunartímabilum sem athugun í málinu tók til og náðu fram til þess tíma sem heimsfaraldur Covid skall á. Beinir Samkeppniseftirlitið því þeim tilmælum til Hörpu að viðhafa í ríkara mæli verðfyrirspurnir og útboð við leigu á viðbótartækjum sem nauðsynleg eru í starfsemi tónlistarhússins.

#### **4.4. Takmarkanir á því að leyfa notkun leigutaka á hljóðkerfum frá öðrum aðilum en Hörpu**

132. Auk þess sem áður er greint, hefur Samkeppniseftirlitið haft til skoðunar hvort Harpa hafi farið að banni 11. gr. samkeppnislaga við misnotkun á markaðsráðandi stöðu, með því að takmarka möguleika tónlistarmanna og tónleikahaldara á að koma með eigin hljóðkerfi til nota í tónleikahúsinu.

133. Háttsemi Hörpu að þessu leyti getur einnig komið til skoðunar kemur með hliðsjón af c-lið 1. mgr. 8. gr. og b-lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga, þ.e. hvort aðhafast þurfi vegna einhvers konar opinberra samkeppnishindrana af hálfu fyrirtækisins.

##### **4.4.1. Fram komin sjónarmið um notkun annarra hljóðkerfa í húsinu**

134. Að hálfu ID Electronic var upphaflega kvartað yfir því að Harpa heimilaði aðeins notkun eigin tækjabúnaðar fyrir viðburði í tónlistarhúsinu. Með því væri tónlistarmönnum bannað að leigja hljóðbúnað frá öðrum aðilum en Hörpu sem takmarkaði val þeirra á betri, hentugri og/eða ódýrari búnaði til leigu. Tónlistarmenn hafa einnig sett fram svipuð sjónarmið gagnvart Samkeppniseftirlitinu. Hafa þeir m.a. vísað til svigrúms sem þeir þurfi að hafa til þess að koma list sinni á framfæri með þeim hætti sem þeir telja nauðsynlegt hverju sinni.

135. Í þessu sambandi hefur því verið haldið fram að sambærileg tónlistarhús erlendis gerðu ráð fyrir því að búnaður væri settur upp sem hentaði viðburðum hverju sinni og það ætti einnig að eiga við um Hörpu. Þá hefur því verið haldið fram að hægt sé að færa og taka niður hljóðkerfi í Eldborg og að auðvelt sé að setja upp önnur hljóðkerfi sé þörf á því. Margir hengipunktur séu í sölum Hörpu sem beri þung hljóðkerfi.

136. Þannig hafi húsreglur Hörpu hindrað að viðskiptavinir hússins (leigutakar) gætu valið tækjabúnað og væru þeir því þvingaðir til að nota búnað sem þeir mögulega vildu ekki nota. Nefnt var í þessu sambandi að í einu tilviki hefði hljómsveitin Stuðmenn haft það í gegn að fá að leigja hljóðkerfi frá ID Electronic þar sem hljómsveitin hafi viljað hljóðkerfi sem skilaði henni ásættanlegum hljómi. Það hefði orðið til þess að hljóðkerfið í Eldborg hefði verið endurskoðað frá grunni og því gjörbreytt til að nálgast þau hljómgæði sem krafist hefði verið.

137. Á móti hefur Harpa byggt á því í málinu að mikill kostnaður hefði falist í kaupum og uppsetningu á hljóðkerfi í tónlistarhúsið og þar sem kerfið hefði að hluta verið innbyggt í húsið hefði verið ákveðið að reyna að nýta það eins mikið og mögulegt væri. Hefðu því verið settir viðskiptaskilmálar um að hljóðkerfi yrðu í öllum tilvikum leigð út með söulunum og ef þörf yrði á viðbótum skyldu þær leigðar í gegnum Hörpu. Að mati Hörpu hefði verið nauðsynlegt vegna hagkvæmnis- og gæðasjónarmiða að setja reglur um nýtingu á kerfi hússins. Hefur Harpa einnig vísað til þess að svipað fyrirkomulag sé þekkt í sambærilegum tónlistarhúsum víða um heim.

138. Harpa hefur einnig haldið því fram að það væri bæði tímafrekt og tæknilega flókið að setja upp utanaðkomandi hljóðkerfi í sali hússins og líklega fáir viðskiptavinir tilbúnir að leggja í þann kostnað. Þá myndi Harpa aldrei taka þátt í kostnaði við uppsetningu annarra kerfa þegar hægt



væri að nýta það kerfi sem fyrir væri í húsinu. Þá myndu starfsmenn Hörpu stjórna uppsetningu og niðurtöku kerfa sem komið væri með inn í húsið og þar sem Harpa væri þéttsetin þyrfti sú vinna að fara fram í næturvinnu.

139. Þá þyrfti að mati Hörpu jafnframt að hafa rekstrarleg sjónarmið í huga en rekstur hússins hefði verið erfiður. Ennfremur hefur Harpa haldið því fram að ef öllum leigutökum yrði heimilað að koma með eigin hljóðkerfi inn í húsið myndi tími við uppsetningu og frágang fyrir hverja tónleika óhjákvæmilega lengjast. Það myndi leiða til þess að ekki væri hægt að skipuleggja viðburði eins þétt og ella og nýting hússins því ekki vera eins mikil.
140. Hvað gæðasjónarmið varðaði vísaði Harpa til þess að miklir hagsmunir fælust í því að húsið væri þekkt fyrir góðan hljómburð og að það hefði fengið viðurkenningu fyrir það. Því væri óheppilegt ef utanaðkomandi aðilar gætu sett upp eða breytt og bætt við hljóðkerfi hússins, enda mikil fyrirhöfn að tryggja að fyrrgreindar kröfur væru uppfylltar. Tíðar breytingar á hljóðkerfi myndu einnig auka líkur á að eitthvað færi úrskeiðis. Mikilvægt væri fyrir orðspor Hörpu að hljóðkerfið væri í lagi og gæðasjónarmiðum fylgt og því nauðsynlegt að öll leiga á nauðsynlegum umframbúnaði færi í gegnum félagið.
141. Þá kom fram í máli Hörpu að ekki hefði verið gert ráð fyrir uppsetningu á öðrum hljóðkerfum í aðra upphengipunkta við hliðina á hinum fyrri. Þá hefði ekki verið gert ráð fyrir því í Eldborg að hljóðkerfið væri fært til og annað sett upp á sama eða öðrum stað. Það hefði verið mögulegt að setja upp annað hljóðkerfi, en það væri hins vegar kostnaðarsamt, tímafrekt og tæknilega flókið. Því hefði reglan verið sú að leigja þyrfti hljóðkerfið með húsinu.
142. Þá hefur Harpa byggt á því að kerfi sem viðskiptavinir þyrftu að leigja væru leigð í gegnum Hörpu, sem framleigði þau til leigutaka með álagningu. Þetta byggði á því að Harpa væri í virðisaukaskattskyldri starfsemi og að á tónlistarhúsinu hvíldi virðisaukaskattkvöð frá byggingatíma þess.

#### 4.4.2. Síðari breytingar á skilmálum Hörpu, athugasemdir og tilmæli Samkeppniseftirlitsins

143. Í tengslum við athuganir Samkeppniseftirlitsins og athugasemdir viðskiptavina féll Harpa síðar frá því að banna notkun annars hljóðkerfis og hátalara í Hörpu, þ.e. að aðeins væru notuð kerfi sem fyrir væru og að hluta innbyggð í húsið. Þannig gerði Harpa nokkrar tilslakanir á þessum kröfum sínum og breytti skilmálum sínum í desember 2015. Var leigutökum í húsinu heimilað að koma með sín eigin ljósa- og hljóðkerfi. Nánar tiltekið segir eftirfarandi í tl. 5 í núgildandi skilmálum þar sem fjallað er um notkun og varðveislu tækja og tóku gildi á þessum tíma:<sup>13</sup>

„5.1. *Leigusali leigir leigutaka allan tæknibúnað vegna viðburðar nema um annað sé samið. Ef leita þarf út fyrir Hörpu til að leigja búnað skal það gert í gegnum leigusala.*

5.2. *Leigutaki á rétt á að koma með sitt eigið ljósa- og hljóðkerfi, uppfylli búnaðurinn þær kröfur sem leigusali gerir til öryggis og tæknistaðla. Leigutaki skal afla fyrirframsamþykkis leigusala. Leigutaki skal greiða allan kostnað, vinnu og gjöld vegna niðurtöku, uppsetningar og endurstillingar á ljósa- og hljóðbúnaði leigusala. Leigutaki skal greiða allan kostnað, vinnu og gjöld vegna uppsetningar og niðurtöku á hljóð- og ljósabúnaði leigusala. Leigusali skal hafa umsjón með vöktun hljóðkerfis og skal það háð samþykki hans.*

<sup>13</sup> Almenn ákvæði og skilmálar – Fyrir leigu á aðstöðu, búnaði og þjónustu í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í Reykjavík. Sjá nánar: [Harpa\\_Almenn\\_kv\\_i\\_og\\_skilm\\_lar\\_2022.pdf](#) (ctfassets.net) Heimasíða heimsótt 28. apríl 2022.



- 5.3. *Meðan leigutaki hefur afnot af tækjum og búnaði sem leigusali hefur leigt honum ber leigutaki ábyrgð á þeim tækjum og búnaði og tjóni sem verða kann af völdum leigutaka. Búnaður telst á ábyrgð leigutaka frá þeim tíma sem hann tekur við aðstöðunni.*
- 5.4. *Leigutaki skal tryggja og bera ábyrgð á að tæknibúnaður hvorki trufla eða skemmi rafmagnskerfi hússins eða annan búnað í húsinu. Leigusali getur látið fjarlægja tæknibúnað á kostnað leigutaka, sýni leigusali fram á að tæknibúnaður geti truflað eða skemmt rafmagnskerfi hússins.*
- 5.5. *Leigutaki ber ábyrgð á tækjum, búnaði og munum sem leigutaki, starfsfólk eða aðrir á vegum leigutaka koma með inn í húsið.*
- 5.6. *Leigutaki skal bera umfang og gerð sviðsmyndar undir leigusala til samþykktar áður en hún er sett upp hið skemmsta 10 dögum fyrir viðburð. Hönnun, gerð, uppsetning og notkun sviðsmynda er alfarið á ábyrgð leigutaka. Leigutaki skal fjarlægja sviðsmynd á eigin kostnað nema um annað sé samið samkvæmt tímaramma sem leigusali ákveður fyrir hvert verkefni. Dragist niðurtaka fram yfir tímaramma greiðir leigutaki kostnað og leigu í samræmi við verðskrá leigusala.“*
144. Frá desember 2015 hafa því aðilar getað komið með hljóðkerfi inn í húsið en fyrirkomulagið er þó þannig að slík kerfi ber að leigja í gegnum Hörpu auk þess sem tæknimenn á vegum hússins skulu vera viðstaddir uppsetningu kerfanna á kostnað leigutaka.
145. ID Electronic hefur í síðari athugasemdum haldið því fram að kostnaður vegna þessa sé svo mikill að ekki borgi sig að koma með önnur hljóðkerfi inn í Hörpu á þessum forsendum. Breytingar Hörpu á skilmálum í desember 2015 hafi því ekki breytt miklu til bóta um stöðuna að mati ID Electronic.
146. Eftir að hafa aflað sjónarmiða aðila í málinu á fyrri stigum ritaði Samkeppniseftirlitið bréf til Hörpu þann 14. nóvember 2017. Var vísað til umræddra breytinga auk þess skilyrðis sem sett hefði verið af Hörpu að vegna svonefndrar virðisaukaskattskaðar frá byggingartíma hússins yrði leiga á tækjabúnaði að fara í gegnum félagið.
147. Í bréfi Samkeppniseftirlitsins var einnig vísað til þess að kvartandi í málinu hefði ítrekað erindi sitt og að hans mati væri sama staða uppi ennþá, þ.e. að engin samkeppni væri möguleg eða til staðar. Því virtist sem fram komnar breytingar hjá Hörpu hefðu ekki leyst málið eins og vonir hefðu staðið til af hálfu Samkeppniseftirlitsins.
148. Tekið var þó fram í bréfinu að Samkeppniseftirlitið teldi það málefnalega kröfu af hálfu Hörpu að skylda leigutaka sem óskaði þess að nota utanaðkomandi hljóðkerfi í sölum Hörpu til að standa straum af þeim viðbótarkostnaði sem hlytist af uppsetningu búnaðarins. Mikilvægt væri þó að um væri að ræða raunverulegan kostnað vegna uppsetningar hljóðkerfisins. Ekki væri ljóst hvort sú sundurliðun kostnaðar sem Harpa hefði tilgreint fæli í sér raunkostnað við uppsetningu utanaðkomandi hljóðkerfa í Eldborg. Þá hefðu komið fram ólík sjónarmið um hvort þörf væri á að taka niður hljóðkerfi í Eldborg til að unnt væri að setja upp önnur kerfi. Mikilvægt væri að Harpa gerði ekki kröfu um að hljóðkerfi hússins væru tekin niður vegna uppsetningar utanaðkomandi kerfa ef þess væri ekki þörf.
149. Þá kom fram í bréfinu að Samkeppniseftirlitið teldi það málefnalega kröfu af hálfu Hörpu að hafa umsjón með uppsetningu og niðurtöku utanaðkomandi hljóðkerfa í húsinu í því skyni að





gæta að öryggis- og gæðasjónarmiðum. Hins vegar var settur fyrirvari um fjölda starfsmanna sem Harpa gerði kröfu um að hefðu aðkomu að þeim verkefnum. Þá var því beint til Hörpu að endurskoða viðskiptaskilmála þannig að sanngörnum og málefnalegum kröfum um gæði og öryggi yrði mætt án þess að samkeppni yrði raskað.

150. Til að meta hvort þær breytingar sem Harpa hefði gert á leiguskiðmálum væru til þess fallnar að draga úr aðgangshindrunum á markaði fyrir útleigu á hljóðkerfum óskaði Samkeppniseftirlitið með bréfinu frá 14. nóvember 2017 eftir upplýsingum félagsins m.a. um þær kröfur að hljóðkerfi í Eldborg væri tekið niður þegar farið væri með annað kerfi inn í salinn og hvort áfram væri gerð krafa um að utanaðkomandi kerfi skyldu leigð í gegnum Hörpu. Þá var ennfremur óskað upplýsinga um viðveru tæknimanna Hörpu við uppsetningu á tækjabúnaði. Upplýsingar og sjónarmið um þessi atriði bárust frá Hörpu þann 19. desember 2017.
151. Við síðari meðferð málsins var ákveðið að óska nánari skýringa frá Hörpu vegna m.a. þessara atriða og var það gert með tölvupósti Samkeppniseftirlitsins til félagsins þann 3. október 2019. Svör bárust frá Hörpu með bréfi þann 4. desember 2019. Þá fór fram vettvangsskoðun af hálfu starfsmanna Samkeppniseftirlitsins á aðstæðum innan Hörpu.

#### **4.4.3. Um möguleika á utanaðkomandi hljóðkerfi í Eldborgarsal Hörpu**

152. Í svari Hörpu frá 19. desember 2017, við fyrirspurn eftirlitsins um verklag við uppsetningu utanaðkomandi hljóðkerfis, segir að ekki sé hægt að hengja annað hljóðkerfi upp í Eldborgarsal Hörpu án þess að taka það kerfi sem fyrir er niður. Því fylgi kostnaður og útilokað sé annað en að viðskiptavinur greiði hann. Harpa mæli með því að notast sé við upphengt hljóðkerfi í Eldborgarsal enda geri hönnun hússins ráð fyrir því. Harpa sé þó tilbúin að slá af kröfum um að hljóðkerfi skuli tekið niður þegar annað kerfi sé notað. Yrði í slíkum tilvikum að stafla hljóðkerfi á gólfíð á sviðinu. Þetta feli þó í sér lakari hljómgæði þar sem tónlist/hljóð sem flutt sé á sviðinu muni aðeins berast til hluta áhorfenda. Þannig sjái t.d. allar hliðar á fyrstu, öðrum og þriðju svölum í salnum aðeins hægri eða vinstri væng hljóðkerfisins. Þetta leiði því til verri hljómgæða, en gæði skipti miklu máli fyrir Hörpu og orðspor hússins og liggi því fyrir að alltaf yrðu gerðar lágmarkskröfur um gæði og öryggi.
153. Samkeppniseftirlitið kannaði nánar reynsluna af breytingum á skilmálum Hörpu vegna þessa í október 2019. Þar var óskað eftir mati Hörpu á því hvort framangreindar breytingar á skilmálum í desember 2015 hefðu leitt til þess að tónlistarmenn og tónleikahaldarar hefðu nýtt sér þá heimild að koma með inn í húsið ljósa- og hljóðkerfi, að því gefnu að búnaður leigutaka uppfyllti kröfur um öryggi og tæknilega staðla.
154. Í svari Hörpu frá 19. desember 2019 segir að nánast engar óskir hefðu komið frá viðskiptavinum um að leigja annað hátalarakerfi, þ.e. PA kerfi eða hátalara sem snúi að gestum, enda sé almenn ánægja með það hátalarakerfi sem fylgi söllum Hörpu og einnig alla aðstöðu, búnað og þjónustu. Hins vegar sé ljósabúnaður frá tækjaleigum reglulega leigður í gegnum Hörpu fyrir tiltekin verkefni þegar þess sé óskað og/eða gerist þörf vegna sérstakra óska viðskiptavina. Álagning vegna umsýslu sé sett ofan á það verð sem Harpa fái frá leigufyrirtækjum. Þetta gerist nánast vikulega í starfsemi Hörpu yfir vetrartímann bæði vegna sérstakra óska viðskiptavina um ljósabúnað fyrir tónleika og einnig vegna þess að það vanti fleiri ljós en Harpa eigi til.
155. Þá séu hljóðborð og „monitor“-kerfi leigð fyrir tiltekin verkefni þegar þess sé óskað. Hvað það varði sé álagning einnig lögð ofan á það verð sem Harpa fái frá leigufyrirtækjum. Þetta gerist einnig nokkrum sinnum á ári, aðallega vegna sérstakra óska viðskiptavina (tónlistarmanna í gegnum tónleikahaldara) um ákveðna gerð hljóðborðs eða „monitora“ sem þeir séu vanir að



vinna með. Þetta sé algengast meðal erlendra tónlistarmanna sem vilji hafa sama búnað hvar sem þeir komi fram í heiminum. Hér sé ekki átt við hátalarakerfi (t.d. það PA kerfi sem sé í Eldborg). Beiðni um að nota annað hátalarakerfi hafi Harpa ekki fengið frá erlendum tónlistarmönnum, enda Meyer hátalarakerfi (eins og það sem sé í Hörpu) þekkt og alþjóðlega viðurkennt.

156. Ljóst er af framansögðu að Harpa hefur boðið upp á að komið sé með hljóðkerfi inn í Eldborgarsal Hörpu og það hengt þar upp. Það er þó með þeim skilyrðum að það hljóðkerfi sem fyrir er í salnum sé tekið niður og þarf viðkomandi viðskiptavinur að greiða fyrir þá vinnu.
157. Viðskiptavinir eiga þess einnig kost að koma með annað hljóðkerfi og koma því fyrir á sviði Eldborgarsalarins og er þá ekki gerð krafa um að hljóðkerfi hússins séu tekin niður, sbr. umræddar skilmálabreytingar frá desember 2015. Að sögn Hörpu hafi þetta þó ekki verið mikið nýtt þar sem hljóðkerfi Hörpu séu mjög góð. Ljóst er þó að sjónarmiðum Hörpu og ID Electronic og fleiri aðila sem komið hafa fram með ábendingar ber ekki saman. Hafa þessir aðilar byggt á því að kostnaður viðskiptavina af því að koma með eigin hljóðkerfi sé allt of hár vegna skilmála Hörpu um að tækin séu leigð í gegnum það félag og einnig vegna kostnaðar við yfirsetu tæknimanna Hörpu.
158. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er fátítt að viðskiptavinir komi með búnað inn í Hörpu. Á það bæði um hljóðbúnað sem er upphengdur (og yrði skipt út fyrir núverandi kerfi Hörpu) og búnað sem komið er fyrir á sviði Eldborgarsalarins.
159. Sem fyrr segir byggir kvartandi í málinu, ID Electronic, sem og aðrir aðilar sem komið hafa fram með ábendingar, á því að ástæðan fyrir því að leigutakar komi ekki með önnur kerfi en Harpa bjóði upp á sé mikill kostnaður sem því sé samfara.
160. Þá eru ekki vísbendingar um, miðað við nýlegar skýringar og athugasemdir Hörpu, að þessi staða hafi breyst frá þeim viðmiðunartímabilum sem athugun í málinu tók til og náðu fram til þess tíma sem heimsfaraldur Covid skall á.
161. Af framangreindri umfjöllun er ljóst að brýnt er að Harpa hugi í hvívetna að stöðu sinni sem mögulegs markaðsráðandi fyrirtækis á tilteknum sviðum. Hvílir rík skylda á fyrirtækjum í slíkri stöðu að grípa ekki til neinna ráðstafana sem raskað geta samkeppni með óeðlilegum hætti eða misbeita með öðrum hætti stöðu sinni. Jafnframt má gera skýrar kröfur til Hörpu sem opinbers fyrirtækis sem starfar í samkeppni og á í viðskiptum við aðila í einkarekstri.
162. Með vísan til framangreinds er mikilvægt að Harpa geti á hverjum tíma sýnt fram á að þær kröfur sem fyrirtækið gerir til viðskiptavina séu málefnalegar. Hafa athuganir Samkeppniseftirlitsins því m.a. beinst að því að meta hvort svo sé.
163. Að virtum gögnum málsins hefur Samkeppniseftirlitið ekki forsendur til að bera brigður á að öðru upphengdu hljóðkerfi verði ekki komið fyrir í Eldborgarsal með góðu móti nema með því að taka niður það sem fyrir er. Í því ljósi eru heldur ekki forsendur til þess að gera athugasemdir við að viðskiptavinir standi straum af kostnaði við að taka niður hljóðkerfi og setja nýtt upp. Á hinn bóginn má gera þá kröfu að innheimt gjald Hörpu fyrir slíkar breytingar miðist við raunverulegan kostnaði sem hlýst af slíkri niðurtækningu og uppsetningu á hljóðkerfi Hörpu og að eftir atvikum geti viðkomandi viðskiptavinur komið að slíkri vinnu, a.m.k. hvað varðar uppsetningu og niðurtöku á eigin hljóðkerfi. Þá má almennt gera skýra kröfu til þess að Harpa stofni ekki til kostnaðar fyrir viðskiptavini sína sem ekki á óhjákvæmilegur vegna málefnalegra krafna fyrirtækisins.



164. Í þessu sambandi er rétt að fjalla nánar um hvort kostnaður, bæði vegna umræddrar leigukvaðar (þ.e. að allur hljóð- og ljósabúnaður sé leigður í gegnum Hörpu með tilheyrandi viðbótarálagningu) og yfirsetu tæknimanna sé réttlæt看legur. Í því sambandi hefur Samkeppniseftirlitið aflað skýringa frá Hörpu um umrædda leigukvöð (virðisaukaskattskvöð) og kostnað vegna tæknimanna, sbr. umfjöllun hér á eftir.

#### 4.4.4. Um að utanaðkomandi hljóðkerfi verði að leigja í gegnum Hörpu - virðisaukaskattskvöð

165. Harpa hefur gert þá kröfu að utanaðkomandi hljóðkerfi skuli leigt í gegnum Hörpu og gefið þær skýringar að það sé nauðsynlegt vegna virðisaukaskattskvaðar sem hvíli á húsnæðinu. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 14. nóvember 2017, var aflað upplýsinga um hvort Harpa gerði þá kröfu áfram að utanaðkomandi hljóðkerfi og búnaður skyldi leigður í gegnum Hörpu. Jafnframt var óskað nánari umfjöllunar um þá skýringu sem Harpa hafði sett fram, að virðisaukaskattskvöð sem hvílir á húsnæði Hörpu hafi þau áhrif að leigja verði utanaðkomandi hljóðkerfi í gegnum Hörpu.

166. Í svari Hörpu kom fram að rekstur hennar væri virðisaukaskattskyldur og væri félaginu því heimilt að telja virðisaukaskatt vegna aðfanga tengdum fasteignum til innskatts. Innskattsnýting vegna fasteigna og búnaðar leiddi til þess að það myndaðist svokölluð virðisaukaskattskvöð sem hvíldi á Hörpu, en kvöðin myndaðist þegar virðisaukaskattur af efni, vinnu, tækjanotkun o.fl. vegna nýbyggingar, endurbóta, breytinga, viðgerða og viðhalds væri talinn til innskatts. Gert væri ráð fyrir að kvöðin fyrndist með jöfnum hætti á 20 árum frá því að innskatturinn hefði verið nýttur, en forsendur þess væru m.a. þær að viðskiptamódel Hörpu héldist óbreytt, þ.e. að tekjur fengjust af þeirri fjárfestingu sem fælist í búnaði og tækjum Hörpu.

167. Þá sagði að við byggingu Hörpu hafi verið keyptur búnaður og tæki fyrir þrjú milljarða kr. Þar af væri kostnaður vegna búnaðar til útleigu um 1,2 milljarðar kr. Aðallega væri um að ræða ljósabúnað og hljóðbúnað. Umræddur búnaður og tæki hefðu ásamt kostnaði við byggingu Hörpu verið framseld upp í virðisaukaskattskvöð hússins. Gildi kvöðin í um 20 ár og væri það háð óvissu hvort útskattur á fyrningartíma næmi hærri fjárhæð en sem nemi fjárhæð innskattskvaðarinnar. Þá þurfi að hámarka arðsemi eigna og sé því nauðsynlegt fyrir Hörpu að draga úr þeirri áhættu sem kvöðinni fylgi. Sem dæmi um áhættu hafi skattstjóri heimild til að fyrirskipa hækkun á gjaldskrá Hörpu ef fyrirsjáanlegt væri að útskattur stæði ekki undir kvöðinni áður en hún fyrndist. Slíkt myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir viðskiptavinum og samkeppnishæfni Hörpu.

168. Þá er bent á að stefna Hörpu sé að leigja út eigin tæki en óhjákvæmilegt sé þó að leigja einhverjar utanaðkomandi viðbætur. Harpa leggi áherslu á að slíkar viðbætur séu í sama gæðaflokki og tæki Hörpu. Harpa leggi mikið upp úr gæðum hvort sem þau felist í aðstöðu, búnaði eða þjónustu enda sé Harpa vörumerki í sjálfu sér.

169. Vísað er til yfirlits sem fylgdi bréfinu yfir leigu Hörpu á búnaði frá öðrum aðilum á árunum 2013-2017 þar sem fram komi að viðbætur séu ekki miklar í samhengi við leigu á eigin búnaði Hörpu. Hafi Harpa leigt viðbótarbúnað af 25-30 fyrirtækjum árlega, þ. á m. af ID Electronic og alls hafi verið leigður viðbótarbúnaður af 93 mismunandi fyrirtækjum á árunum 2013-2017.

170. Þá segir að búnaður Hörpu sé ýmist innifalinn í salaleigu eða lagður ofan á leigu. Ef leigja þurfi viðbótarbúnað þekki tæknimenn Hörpu hvenær þörf sé á slíku, en slík þörf geti m.a. skapast vegna hárrar bókunarstöðu, en þegar bókanir séu miklar anni tækjaleiga Hörpu oft ekki eftirspurn. Viðskiptavinir þekki ekki hvenær þörf sé á viðbótum eða af hvaða ástæðu og með því að heimila viðskiptavinum að ráða því hvort og við hvaða aðstæður þeir leigi búnað Hörpu (með



eða án viðbóta) eða komi með eigin búnað skapist margskonar áhætta fyrir rekstur Hörpu m.a. hvað varði eftirfarandi þætti:

- Ef Harpa verði af leigutekjum vegna leigu á eigin búnaði dragi úr tekjum og arðsemi eigna og hætta skapist á að skattstjóri grípi til aðgerða vegna áhvílandi virðisaukaskattskvaðar.
- Ef Harpa verði af því að leigja eigin búnað, dragi það úr tekjum og arðsemi eigna án þess að það dragi úr kostnaði á móti þar sem Harpa þurfi engu að síður að viðhalda eigin búnaði.
- Ef gæði aðkeypts búnaðar séu ekki sambærileg eigin tækjum Hörpu sé hætt við að dragi úr upplifun viðskiptavinar en hluti af vörumerki Hörpu sé hár gæðastaðall.

171. Til að draga úr ofangreindri áhættu hafi Harpa gripið til eftirtalinna aðgerða:

- Virðisaukaskattkvöð: Ef Harpa leigi sjálf utanaðkomandi búnað og framselji þann búnað til viðskiptavinar myndist útskattur upp í virðisaukaskattkvöð.
- Arðsemi og framlegð: Ekki sé hægt að bæta úr arðsemi en einhverjar tekjur myndist við umsýslu á utanaðkomandi búnaði. Óhjákvæmilegt sé að starfsmenn Hörpu komi að málum hvað varði uppsetningu, mat og meðferð á búnaði sem feli í sér kostnað hvort sem það sé í formi framlegðar á útleigu eða sem þjónustukostnaður.
- Gæði búnaðar: Ef utanaðkomandi búnaður sé leigður í gegnum Hörpu geri það tæknimönnum Hörpu betur kleift að tryggja að gæði búnaðar séu sambærileg búnaði Hörpu.

172. Í þessu sambandi skipti máli að Harpa hafi verið með meira en 400 m.kr. árlegan rekstrarhalla frá opnun og því sé rekstrarleg nauðsyn að hámarka arðsemi af þeirri fjárfestingu sem farið hafi verið í við fasteign og búnað. Það feli í sér mikla óhagkvæmni og áhættu ef leigutökum verði heimilað að koma með eigin tækjabúnað án virðisauka fyrir Hörpu og í raun þyrfti þá að endurskoða rekstrarforsendur tónlistarhússins þar sem mögulega væri ekki forsenda til að eiga og reka eigin búnað við slíkar aðstæður.

173. Í tölvupósti Samkeppniseftirlitsins frá 3. október 2019 var vísað til framangreinds svars Hörpu og tekið fram að af því mætti skilja að kæmu tónlistarmenn og/eða tónleikahaldarar með eigin búnað inn í Hörpu væri það mat félagsins að vegna umræddrar virðisaukaskattskvaðar þyrfti leigan að fara fram í gegnum Hörpu. Beðið var um staðfestingu á að þetta ætti ennþá við og einnig nánari lýsingu á því hvernig slík viðskipti færu fram.

174. Í svari Hörpu frá 4. desember 2019 segir að Harpa muni áfram gera þá kröfu að utanaðkomandi hljóðkerfi og búnaður skuli leigður í gegnum Hörpu, fyrir utan hljóðfæri og fylgihluti hljóðfæra. Hátalarakerfi og ýmislegt fleira fylgi leigu á sölum Hörpu og ekki sé gefinn afsláttur þótt eitthvað af því sem sé innifalið sé ekki nýtt fyrir tiltekinn viðburð. Þar af leiðandi sé allur aukakostnaður og álagning vegna utanaðkomandi hátalarakerfa (eða annars búnaðar) á kostnað tónleikahaldara. Þá segir að Harpa hafi sjaldan fengið fyrirspurnir um að sett verði utanaðkomandi hljóðkerfi í minni sali Hörpu, þ.e. Norðurljós, Silfurberg og Kaldalón en þessir salir séu mun minna nýttir fyrir uppmagnaða tónleika.

175. Þá viti Harpa ekki til þess að tónlistarmenn og/eða tónleikahaldarar eigi hátalarakerfi af þeirri stærðargráðu sem þurfi í sal í Hörpu. Þeir þurfi allir að leita til tækjaleiga til að leigja slík kerfi.



176. Þá voru í svarinu ítrekuð fyrri sjónarmið um að endurgreiðsla á virðisaukaskattskvöð Hörpu, sem hafi orðið til við byggingu hússins, gangi út frá tekjuáætlun og viðskiptamódeli sem ákveðið hafi verið í undirbúningi að starfsemi hússins. Í módelinu hafi verið gengið út frá því að Harpa ætti tiltekinn búnað sem ýmist væri innifalinn í salarleigu og væri þannig hluti af verðmyndun leigu, eða leigður sérstaklega út. Færi svo að Harpa breytti verulega út frá þessum forsendum væri hætta á að grundvöllur endurgreiðslu á grundvelli virðisaukaskattskvaðar myndi bresta og yrði þá öll kvöðin felld á félagið.
177. Nánar hefur verið vikið að innskattskvöðinni í skýringum í ársreikningum Hörpu á liðnum árum og hefur þar komið fram að fyrningartími sé allt að tuttugu ár og að hann hafi hafist þegar húsnæðið hafi verið tekið í notkun á árinu 2011.<sup>14</sup> Segir enn fremur að innskattskvöðin sé háð óvissu sem felist í því að útskattur á fyrningartíma sé hærrí en sem nemi umræddri fjárhæð innskattskvaðar. Samkvæmt skýringum í ársreikningi Hörpu fyrir árið 2012 var innskattskvöðin við lok þess árs u.þ.b. 6,2 ma.kr.
178. Samkvæmt framansögðu er ljóst að starfsemi Hörpu er virðisaukaskattskyld og við byggingu tónlistarhússins myndaðist umrædd innskattskvöð sem felur það í sér að Harpa eða byggingaraðilar hússins hafa fengið virðisaukaskatt sem greiddur hefur verið af aðkeyptri vinnu og byggingarefni á sínum tíma borgaðan til baka. Forsenda þess að aðili eigi rétt á slíkri endurgreiðslu á innskatti sem verður til á byggingartíma fasteignar og myndi þ.a.l. umrædda innskattskvöð (eins og á við í tilviki Hörpu) er að hann sæki um og fái samþykki hjá ríkisskattstjóra svokallaða sérstaka skráningu vegna byggingaframkvæmda, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og I. kafla reglugerðar nr. 577/1989 um frjálssa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign. Ef ríkisskattstjóri heimilar slíka skráningu getur aðili fært til frádráttar sem innskatt virðisaukaskatt af öllum aðföngum og þegar um fasteignir er að ræða getur leiðréttingin tekið til allt að tuttugu ára, sbr. nánar 1. og 2. mgr. 16. gr. laganna.
179. Skylda er þó fyrir aðila að sýna fram á hagnað skv. 5. mgr. 5. gr. laganna en óheimilt er að skrá aðila ef samanlagðar tekjur hans af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar, þ.m.t. vegna kaupa varanlegra rekstrarfjármuna. Aðili á þó rétt á skráningu sýni hann fram á að kaup á fjárfestingarvörum standi í beinu sambandi við sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu í atvinnuskyni á síðari rekstrartímabilum.
180. Með hliðsjón af þessu hvílir sú skylda á Hörpu að selja virðisaukaskattskylda vöru og þjónustu (þ.m.t. leigu á sölum og hljóð- og tækjabúnaði) þannig að mismunur á útskatti og innskatti dekki innskattskvöðina til lengri tíma litið og að hagnaður sé af starfseminni (útskattur hærrí en innskattur). Þetta hefur Harpa gert á liðnum árum og náð að lækka kvöðina ár frá ári og við árslok árið 2021 var hún komin niður í um 3,5 ma.kr. en var sem fyrr segir um 6,2 ma. kr. við árslok 2012.<sup>15</sup> Gera má ráð fyrir að kvöðin verði fyrnd að mestu leyti á árinu 2031.
181. Harpa heldur því fram að þetta sé það rekstrarmódel sem félagið byggir starfsemi sína á og að ef ekki náist að greiða upp kvöðina áður en hún fynnist geti skattstjóri mælt fyrir um hækkun gjaldskrár Hörpu sem yrði bagalegt fyrir viðskiptavini og samkeppnishæfi félagsins.

<sup>14</sup> Sjá um innskattskvöð í ársreikningi Hörpu fyrir árið 2012, bls. 20:

<https://assets.ctfassets.net/nl35sbcspsvu/62iDG7GUSXCBmK8vKn6kLI/0624b6a8feda3c05899a14727cff7ff7/2012-Harpa-ehf-samstaeduarsreikningur-2012-aritadur.pdf>.

<sup>15</sup> Sjá ársreikningur Hörpu fyrir árið 2021, bls. 18.

[https://assets.ctfassets.net/nl35sbcspsvu/7Cd3GztxMhw0BlkbYErxo3/edc7ffb9d3c70d394c0f8d1f910c2034/Harpa\\_-\\_rsreikningur\\_2021\\_sundum\\_kr\\_\\_na\\_-\\_samst\\_\\_\\_a\\_FIN\\_Undirrita\\_.pdf](https://assets.ctfassets.net/nl35sbcspsvu/7Cd3GztxMhw0BlkbYErxo3/edc7ffb9d3c70d394c0f8d1f910c2034/Harpa_-_rsreikningur_2021_sundum_kr__na_-_samst___a_FIN_Undirrita_.pdf)



182. Samkeppniseftirlitið telur ljóst af framansögðu að Harpa sé bundin af því að uppfylla umrædda innskattskvöð og greiða til baka uppsafnaðan innskatt sem að mestu hafi orðið til á byggingartíma hússins og þurfa rekstraráætlanir félagsins að þessu leyti að ganga eftir. Er rekstrarmódel Hörpu sniðið að þessari kvöð og hefur henni verið mætt aðallega með því að leigja út sali hússins og þann tækjabúnað sem félagið hefur yfir að ráða.
183. Gerir Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við þetta rekstrarmódel en áréttar að í ljósi þeirrar stöðu sem Harpa nýtur á þeim markaði sem félagið starfar er þó mikilvægt að verðlagning þjónustunnar sé almennt í samræmi við kostnaðarlegar forsendur.
184. Hvað varðar leigu á viðbótartækjum þá virðist þörfin fyrir þau einkum vera af tvennum toga. Annars vegar að Harpa hafi ekki yfir viðkomandi tækjum að ráða og þurfi þá að leita til utanaðkomandi tækjaleiga. Er það þá yfirleitt gert að frumkvæði Hörpu og er væntanlega sinnt af tæknimönnum félagsins í samræmi við mat þeirra á þörf fyrir viðbótartæki. Hins vegar kunna tónleikahaldarar að meta það sem svo að tækjabúnaður Hörpu henti ekki af einhverjum ástæðum þörfum þeirra og kjósi því frekar að leita til utankomandi aðila um búnað eða þá mögulega að þeir hafi yfir eigin búnaði að ráða sem þeir vilji nýta.
185. Um fyrra tilvikið gildir það sama að mati Samkeppniseftirlitsins og á við um leigu Hörpu á eigin búnaði og aðstöðu. Um er að ræða leigu á sölum og tækjabúnaði á vegum Hörpu til viðskiptavina og gildir þá einu hvort sá búnaður sem fylgir með sé í eigu Hörpu eða húsið leigi hann frá þriðja aðila og endurleigi hann síðan til viðskiptavina. Það skiptir þó máli sem fyrr segir að Harpa meti stöðu sína á þeim markaði sem félagið starfar á og að slík endurleiga byggji á kostnaðarlegum forsendum og jafnræðis sé gætt gagnvart keppinautum sem annast tækjaleigu. Í þessu sambandi er t.a.m. ljóst, sbr. umfjöllun í kafla 4 hér að framan, að viðskipti Hörpu vegna tækjaleigu á tímabilinu 2011 til a.m.k. 2019 voru langmest við eitt fyrirtæki, Exton (aðallega vegna hljóðbúnaðar). Að hluta er skýring þess sú að framan af tímabilinu var samningur í gildi við það fyrirtæki um viðbætur þar sem það hafði við byggingu Hörpu tekið að sér uppsetningu hljóðkerfis hússins í kjölfar útboðs. Lítil sem engin viðskipti hafa hins vegar verið við kvartanda í máli þessu, ID Electronic, þó svo það fyrirtæki telji sig búa yfir breiðu úrvali m.a. hljóðkerfa og tengds búnaðar.
186. Hvað varðar seinna tilvikið er ljóst að það er ólíkt hinu fyrra að því leyti að þar væru það tónleikahaldarar sjálfir sem myndu hafa frumkvæði að og annast öflun á tækjum hjá tækjaleigum (eða öðrum aðilum) og væntanlega annast uppsetningu þeirra sjálfir í samvinnu við tæknimenn Hörpu. Einnig gæti verið um það að ræða að tónleikahaldarar eigi tækin í einhverjum tilvikum sjálfir, að hluta eða öllu leyti. Samkeppniseftirlitið telur eðlilegt og sanngjarnt að tónleikahaldarar eigi þess kost að koma með hljóðkerfi og viðbætur við slík kerfi inn í Hörpu ef þeir þess óska og telur að framangreindar breytingar félagsins á skilmálum í desember 2015 sem heimiluðu það hafi verið jákvæðar. Á hinn bóginn er ljóst að ef kostnaður viðskiptavina við að koma með kerfi inn í tónlistarhúsið er svo mikill að mögulegur ábati þeirra af slíkum ráðstöfunum er að engu gerður eru eftir sem áður sömu hindranir fyrir hendi og hætta á að skilmálabreytingarnar hafi ekki haft neina þýðingu.
187. Það liggur fyrir sem áður segir að ef viðskiptavinir ætla að nýta sér heimild til að koma með tæki inn í Hörpu þurfa þeir mögulega að bera óhjákvæmilegan kostnað af því að taka niður tæki sem fyrir eru og/eða setja upp eigin tæki með/eða án aðstoðar tæknimanna Hörpu. Samkeppniseftirlitið telur því ekki sanngjarnt að mögulegur ábati tónleikahaldara af því að koma með önnur tæki (sín eigin eða frá öðrum tækjaleigum) sé að engu gerður með því að Harpa setji það sem skilyrði að það félag verði einnig að hafa milligöngu um leigu og síðan endurleigu á slíkum tækjabúnaði til viðskiptavina. Virðist í öllu falli að þetta skilyrði geti haft í för með sér



viðbótarkostnað (jafnvel tvöfalda álagningu) fyrir viðskiptavini sem Harpa hefur ekki réttlætt með hliðsjón af kostnaðarlegum forsendum. Í öllu falli hafa tónleikahaldarar ekki nýtt sér heimildina í neinum mæli og hafa aðilar borið því við að kostnaður sé það mikill að ekki borgi sig að nýta hana.

188. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á að umrædd innskattskvöð sem hvílir á Hörpu réttlæti þann viðbótarkostnað sem lagður er á viðskiptavini þar sem það er skilyrði að viðbótartækjabúnaður verði leigður af þriðja aðila í gegnum Hörpu. Þó kvöðin hvíli á rekstri Hörpu er mikilvægt að félagið geti með hliðsjón af stöðu sinni réttlætt þá gjaldtöku út frá kostnaðarlegum forsendum. Harpa innheimtir sem fyrr segir leigu af sölum og eigin tækjum og/eða tækjum sem félagið leigir sjálft til að uppfylla þarfir viðskiptavina. Í þeim tilvikum sem þörf er á að taka niður það kerfi sem fyrir er í húsinu greiða viðskiptavinirnir einnig fyrir þá þjónustu og jafnframt að því marki sem tæknimenn Hörpu þurfa að aðstoða viðskiptavini við þá vinnu. Telur Samkeppniseftirlitið að þetta m.a. séu atriði sem skapi raunkostnað sem sé eðlilegt og sanngjarnt að viðskiptavinir greiði fyrir sem virðisaukandi þjónustu og af henni útskatt sem nýtist upp í innskattskvöðina.
189. Harpa hefur að mati Samkeppniseftirlitsins ekki rökstutt hvaða kostnaðarlegu forsendur réttlæti það að leiga á tækjum frá þriðja aðila fari fram í gegnum tónlistarhúsið þegar öflun tækjanna er óhjákvæmilega á forræði tónleikahaldaranna sjálfra og tækin jafnvel í þeirra eigu að einhverju eða öllu leyti. Er ekki um virðisaukandi þjónustu að ræða í þessu sambandi. Í slíkum tilvikum er því ekki unnt að fallast á þá málsástæðu Hörpu að innskattskvöðin réttlæti umrædda endurleigu Hörpu sem virðist birtast í mun hærri kostnaði en réttlætanlegt getur talist.
190. Annað atriði sem Harpa leggur áherslu á er að sá tækjabúnaður sem notaður sé í húsinu standist gæðakröfur og að aðkeyptur búnaður verði að vera sambærilegur eigin tækjum tónlistarhússins. Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við þetta og ekki er af sjónarmiðum aðila unnt að skilja að mikill ágreiningur sé um þetta atriði. Til þess ber þó að líta að starfsemi hússins gerir ráð fyrir fjölbreyttum tónlistarflutningi og að mismunandi sjónarmið geta verið uppi af hálfu tónleikahaldara annars vegar og stjórnenda Hörpu hins vegar um þetta atriði og álitæfni þessu tengd. Að mati Samkeppniseftirlitsins er þó eðlilegt að ef ágreiningur kemur upp um þetta verði leitað álits utanaðkomandi óvilhalls aðila um úrlausn.

#### **4.4.5. Um yfirsetu tæknimanna Hörpu**

191. Eins og nefnt er fyrr í áliti þessu hefur Harpa gert þá kröfu að viðskiptavinir greiði yfir vinnu tæknimanna Hörpu við uppsetningu kerfa í húsinu, þótt hún sé í höndum tæknimanna á vegum viðskiptavina. Fram hafa komið kvartanir og ábendingar um að í þessu felist óþarfur viðbótarkostnaður sem sé til þess fallinn að skapa hindranir.
192. Samkeppniseftirlitið leitaði m.a. upplýsinga um þetta með bréfi, dags. 14. nóvember 2017 var eftirfarandi spurningu beint til Hörpu. Vísað var til þess að í eldri reglum hefði komið fram að viðburðarhaldarar ættu þess kost að koma með sína eigin tæknimenn, sviðsmenn, hljóð-, mynd- og ljósamenn með samþykki hússins. Fyrir hvern slíkan mann þyrfti að greiða fyrir yfirsetu tæknimanns Hörpu. Leitað var upplýsinga um hvort þessar reglur væru enn í gildi.
193. Í svari Hörpu við þessu sagði að reglur um yfirsetu tæknimanna væru enn í gildi en það væri alls ekki algilt að krafan væri „maður á mann“. Mat á þörf fyrir tæknimenn færi fram í hverju tilviki fyrir sig. Í sumum tilfellum væri það mat verkefnastjóra Hörpu að hafa færri starfsmenn frá Hörpu en aðeins í þeim tilfellum að sá aðili sem Harpa útvegi gæti sinnt eftirliti á fleiri en einum aðkomnum tæknimanni, t.d. ef um væri að ræða þrjá sviðsmenn frá öðrum en Hörpu. Þá væri



húsið yfirleitt aðeins með einn mann frá sér. Þegar starfsstöðvar tæknimanna væru ekki á sama stað, t.d. þegar hljóðmaður og ljósamaður kæmi frá leigutaka, þá hefði Harpa þá reglu að hafa einn tæknimann frá húsinu á móti hverjum einum frá leigutaka. Harpa reyni ávallt að finna sanngjörnstu og hagkvæmstu leiðina innan þess ramma sem strangar kröfur um öryggi og gæði setji starfseminni.

194. Í tölvupósti Samkeppniseftirlitsins frá 2. október 2019 var aftur spurst fyrir um hvort umræddar reglur væru ennþá í gildi. Einnig var beðið um mat Hörpu á kostnaði tónlistarmanns/tónleikahaldara vegna þessa annars vegar þegar hann kemur með eigin hljóðkerfi og hins vegar þegar hann nýti það innbyggða hljóðkerfi sem þegar sé til staðar í Hörpu.
195. Í svari Hörpu frá 4. desember 2019 er staðfest að komi viðburðarhaldarar með sína eigin tæknimenn þurfi að greiða fyrir yfirsetu tæknimanns Hörpu. Þetta sé alþekkt fyrirkomulag í tónlistarhúsum um allan heim og utanaðkomandi tæknimenn komi almennt ekki í tónlistarhús án viðveru, aðstoðar og þjónustu tæknimanna viðkomandi tónlistarhúss. Byggi Harpa á því að tæknimenn félagsins sem greitt sé fyrir séu sannarlega að sinna mikilvægu starfi við viðburðinn. Þeir bregðist við aðstæðum sem geti komið upp í jafn stóru og tæknilega flóknu húsi eins og Harpa sé. Þá kemur fram að tæknimál í Hörpu séu flókin og til að tryggja áreiðanleika þurfi tæknimenn að vera til staðar sem þekki vel kerfi hússins og vinni beint fyrir Hörpu og taki þar með ábyrgð á virkni þeirra fyrir hönd félagsins.
196. Hvað varði kostnað vegna tónlistarmanns/tónleikahaldara þegar hann komi með eigin hljóðkerfi annars vegar þegar hann nýti innbyggt hljóðkerfi í húsinu hins vegar, vilji Harpa árétta að tónlistarmenn og/eða tónleikahaldarar eigi almennt ekki hátalarakerfi af þeirri stærðargráðu sem þurfi fyrir sali í Hörpu. Þeir þurfi allir að leita til tækjaleiga til að fá slík kerfi leigð. Segir að kostnaður við hátalarakerfi, ljósabúnað, „monitorkerfi“, hljóðborð o.s.frv. sé mjög mismunandi eftir umfangi og óskum viðskiptavina, allt frá 100.000 kr. til nokkurra milljóna. Harpa geti hins vegar ekki metið hvaða verð tónlistarmönnum eða tónleikahöldurum standi til boða hjá tækjaleigum.
197. Þá vekur Harpa athygli á því að umræddir skilmálar um notkun á eigin tækjabúnaði hússins, þ.e. að viðbótartæki séu leigð í gegnum húsið og að tæknimaður frá húsinu skuli ávallt fylgja með óháð því hvort viðburðahaldari kjósi að nota eigið tæknifólk, séu ekki einskorðaðir við Hörpu. Hof á Akureyri sé með nákvæmlega sama fyrirkomulag og ekki að ófyrirsynju enda alþekkt í þeim tónlistarhúsum sem starfa á sambærilegum grunni og Harpa og Hof.
198. Kvartendur og ábendingaraðilar hafa haldið því fram að með framangreindum reglum um yfirsetu tæknimanna séu gerðar mun ríkari kröfur um eftirlit þeirra en raunveruleg þörf sé á til að tryggja nauðsynlegt öryggi og að gæðakröfur séu uppfylltar. Harpa byggir hins vegar á því að til að tryggja áreiðanleika sé mikilvægt að tæknimenn á vegum tónlistarhússins (starfsmenn þess) séu til staðar sem þekki vel öll kerfi og taki þar með ábyrgð á virkni þeirra. Ennfremur hefur Harpa vísað til þess að það sé ekki algilt að krafa um yfirsetu tæknimanna að hún sé „maður á mann“ heldur sé þörfin metin í hverju tilviki.
199. Með hliðsjón af framkomnum sjónarmiðum hefur Samkeppniseftirlitið ekki forsendur til þess að gera athugasemdir við það að Harpa hafi eftirlit með vinnu utanaðkomandi aðila í húsinu með það að markmiði að stýra aðgangi, hafa eftirlit með eignum og koma í veg fyrir tjón. Á hinn bóginn má gera þá kröfu til Hörpu að eftirlit og/eða yfirseta tæknimanna sé í samræmi við raunverulega nauðsyn hverju sinni og að verðlagning fyrir slíka vinnu byggi á raunkostnaði og ekki sé innheimt gjald fyrir fleiri starfsmenn eða lengri tíma en nauðsynlegt er í hverju tilviki. Í





Þessu ljósi beinir Samkeppniseftirlitið þeim tilmælum til Hörpu að fyrrgreindar reglur um yfirsetu tæknimanna verði endurskoðaðar með framangreind sjónarmið að leiðarljósi.

## 5. Niðurstöður

200. Eins og rakið er í álitinu þessu hefur Samkeppniseftirlitið á undanförunum árum fylgst með starfsemi Hörpu, í tilefni af framkomnum kvörtunum, ábendingum og sjónarmiðum. Hefur m.a. komið til skoðunar hvort Harpa hafi farið að bannákvæðum samkeppnislaga (bann 10. gr. við ólögsmætu samráði og 11. gr. við misnotkun á markaðsráðandi stöðu). Jafnframt hefur starfsemi Hörpu komið til skoðunar á grundvelli ákvæða samkeppnislaga sem varða opinberar samkeppnishindranir.
201. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru sterkar líkur á því að Harpa sé með þeirri þjónustu sem felst í starfsemi tónlistarhússins og þá sérstaklega Eldborg í markaðsráðandi stöðu hér á landi sem aðstöðuveitandi fyrir fjölbreytt tónleikahald innandyra þar sem hátt í tvö þúsund manns geta fengið sæti hverju sinni. Aðrir tónleikastaðir á Íslandi geta ekki boðið upp á slíka þjónustu og af því leiðir að Harpa getur talist markaðsráðandi í skilningi 4. gr. samkeppnislaga. Styrkir það enn fremur stöðu Hörpu að félagið er opinber aðili í eigu íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar. Er það því mat Samkeppniseftirlitsins að Harpa geti talist með einstaka yfirburði á þessu sviði og að ríkar skyldur hvíli á félaginu að raska ekki samkeppni á tengdum mörkuðum þar sem t.d. fyrirtæki keppa í því m.a. að bjóða tónleikahöldurum upp á hljóðbúnað og ýmsa tengda þjónustu.
202. Að virtum þeim gögnum og sjónarmiðum aflað hefur verið hefur Samkeppniseftirlitið hingað til ekki talið forsendur til þess að að grípa til íhlutunar gagnvart Hörpu á grundvelli bannákvæða samkeppnislaga, eða íhlutunar á grundvelli b-liðar 1. mgr. 16. gr. sömu laga, sem heimilar íhlutun gagnvart opinberum aðilum að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Við mat á þessu hefur eftirlitið horft til fyrrgreindra efnisreglna, sem og ákvæða samkeppnislaga og málsmeðferðareglna eftirlitsins sem ætla eftirlitinu mat á tilefni til rannsókna og forgangsröðun verkefna.
203. Vegna sterkar stöðu Hörpu og sérstöðu í viðburðahaldi á Íslandi er fyrirtækinu hins vegar rétt að meta stöðu sína reglulega og taka afstöðu til þess hvort það sé á hverjum tíma að starfa innan þeirra marka sem samkeppnislög setja markaðsráðandi fyrirtækjum og fyrirtækjum í opinberum rekstri. Berist nýjar upplýsingar eða kvartanir kann starfsemi Hörpu að koma til skoðunar á þeim grundvelli.
204. Án tillits til þess hvort Harpa er talin fara með markaðsráðandi stöðu á mörkuðum sem hún starfar, verður að gera ríkar kröfur til fyrirtækisins og þeirrar umgjarðar sem starfseminni er búin, í ljósi þess að fyrirtækið er í eigu opinberra aðila. Með vísan til þess hefur Samkeppniseftirlitið ákveðið að beina álitinu til fyrirtækisins þar sem sett eru fram tilmæli sem byggja á fyrrgreindum athugunum Samkeppniseftirlitsins. Eru tilmælin sett fram í 1. kafla álits þessa.